



Kíktu í BT
BT
Pollgata 4 • sími 550-4444 • bt.is

Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa
Greiðslumat á netinu
Lánsúmsókn á netinu
Íbúðalán.is
www.ibudalan.is

Afgreiðsla
Landsbankans
í Neista er opin
fimmtudaga og
föstudaga
frá kl. 16-18
Sími 410 8119
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 23. mars 2005 • 12. tbl. • 22. árg.

„Hrein ógnarstjórn ríkir í samskiptum skólameistara við kennarana“

Elna Katrín Jónsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, skorar á menntamálaráðuneytið að gera rækilega úttekt á framgöngu skólameistara Menntaskólans á Ísafirði gagnvart samstarfsfólki sínu og hlutast til um aðgerðir sem feli í sér varanlegar úrbætur. Kemur þetta fram í bréfi sem sent var Guðmundi Árnasyni, ráðuneytisstjóra þann 15. febrúar síðastliðinn. Kemur fram í bréfinu að kennarar við Menntaskólann á Ísafirði snú sér „mjög oft með kvartanir sínar til félagsins og telja sér ekki fært, vegna ofríkis skólameistarans, að fylgja þeim eftir sjálfir“, eins og segir í bréfinu. „Stjórn félagsins lítur svo á að rökstuddar kvartanir þess og einstakra félagsmanna séu þess efnis að óhjákvæmilegt sé að menntamálaráðuneytið láti málið til sín taka.“

„Gögn sem afhent hafa ver-

ið ráðuneytinu sýna svo ekki verður um villst að hrein ógnarstjórn ríkir í samskiptum skólameistarans við kennarana, og slíkt kemur niður á öllu skólastarfi, bæði gagnvart kennurunum sjálfum og nemendum þeirra, og kennarar hafa mjög mikla tilhneigingu til að leita sér að starfsvettvangi annars staðar eins og dæmin sanna. Nýjasta dæmið, sem er áminningarmál gagnvart Ingibjörgu Ingadóttur, er að áliti félagsins afar skýrt dæmi um þessa stjórnunarhætti, en það mál hefur sérstöðu umfram mörg önnur að því leyti, að þar nýtur við skriflegra gagna um þessa umræddu stjórnunarhætti sem annars birtast oftast með óformlegum hætti, í formi tilskipana og alls kyns niðurlægingar“, segir enn fremur í bréfinu.

Aðspurður segir Guðmund-



Menntaskólinn á Ísafirði.

ur Árnason ráðuneytisstjóri að bréfið hafi verið framsent skólameistara Menntaskólans á Ísafirði. Skólameistara er gefinn kostur á að tjá sig um efni þess, en engar fleiri aðgerðir hafa verið ákveðnar að hálfu menntamálaráðuneytisins að svo stöddu.

Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, vísaði á Björn Jó-

hannesson lögmann skólans þegar hún var beðin um að tjá sig um efni bréfsins.

„Ég vísa til þeirrar yfirlýsingar sem stjórnendur skólans hafa þegar gefið varðandi skólastarfið. Sú yfirlýsing segir í raun allt sem segja þarf og skýrir sig sjálf. Örökstuddum kvörtunum Félags framhaldsskólakennara munu skólastjórnendur væntanlega svara

hluteigandi aðilum, þ.e.a.s. menntamálaráðuneytinu, ef eftir því verður leitað að hálfu ráðuneytisins. Það mál sem nú er til meðferðar hjá Héraðsdómi Vestfjarða og varðar áminningu sem gefin var mun væntanlega hafa sinn eðlilega framgang hjá dómstólum en ekki vera rekið í fjölmiðlum“, sagði Björn Jóhannesson, lögmaður skólans. — *halfdan@bb.is*

Drög að vegaáætlun árána 2005 til 2009

Lítið um framkvæmdir í Ísafjarðardjúpi næstu tvö sumur

Samkvæmt drögum að vegaáætlun árána 2005-2009 er óvíst hvenær framkvæmdum við þverun Mjóafjarðar lýkur og ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum við veg um Arnkötludal. Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður segir að tillögurnar valdi vonbrigðum því í þeim felist rýrar fjárveitingar sem ekki skili miklum framförum. Fyrir

stuttu tilkynnti samgönguráðherra að samkvæmt áætluninni yrði lokið við tvöföldun Reykjanesbrautarinnar og um helgina tilkynnti hann um að framkvæmdir við gerð Héðinsfjarðarganga yrðu boðnar út á þessu ári.

Sem kunnugt er hefur á undanförunum árum verið unnið að undirbúningi framkvæmda við þverun Mjóafjarðar í Ísa-

fjarðardjúpi. Undirbúningur framkvæmda í Mjóafirði er langt kominn og eru fyrstu áfangar framkvæmdarinnar að verða tilbúnir til útboðs. Samkvæmt heimildum bb.is er gert ráð fyrir framkvæmdum við þverun Mjóafjarðar á síðari hluta vegaáætlunar en í raun er óljóst hvenær tekst að ljúka þeim framkvæmdum.

Kristinn H. Gunnarsson

þingmaður Framsóknarflokksins segir að tillögur samgönguráðherra hafi valdið sér vonbrigðum. „Samgönguráðherra hefur að undanförunu tilkynnt um stórar framkvæmdir án þess að vegaáætlun hafi verið samþykkt. Það eru sérkennileg vinnubrögð að mínu mati. Hvað framkvæmdir í Ísafjarðardjúpi varðar þá finnst mér fjárveitingar í þver-

un Mjóafjarðar rýrar. Ég hefði kosið að þungi framkvæmdanna yrði mun fyrr en gert er ráð fyrir í tillögum ráðherra þannig að við fengjum að upplifa fyrr þær framfarir sem þessum verkum fylgja“, segir Kristinn.

Ekki náðist í Sturlu Böðvarsson, samgönguráðherra við vinnslu þessarar fréttar.

— *hj@bb.is*

úrval
Samkaup
OPIÐ:
virka daga
kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud.
kl. 12 - 21
Verið
velkomin!
Samkaup úrval
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

INNANLANDS er...

öflugasta flutningsemið á Íslandi. Við höfum sameinað Austanflutninga Flutninga, gömlu Vestri Flutninga og Norðflutninga um land allt í einni heildsamtak flutninga. Við bjóðum daglega ferðir og öfluga óvinsældisþjónustu bæði fyrir fjölskyldur og fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum og erum leiðandi í flutningum á landi og loftum álfurum.

EIMSKIP
INNANLANDS

Göteborgar 15 141 Reykjavík Sími 525 1900 Fsa 525 1900 www.eimskip.is

Stafrænt sjónvarp á Flateyri

Síminn býður nú íbúum á Flateyri og Suðureyri aðgang að stafrænum útsendingum sjónvarpsstöðva með ADSL tækni. Bæst þau byggðarlög því í hóp þeirra sem að undanförunu hafa fengið aðgang að þessari nýju tækni við dreifingu sjónvarpsefnis. Standa íbúum þessara staða til boða útsendingar 10 innlendra og erlendra sjónvarpsstöðva og er mánaðargjaldið nú 1.695 krónur á mánuði auk 2.500 króna gjalds á mánuði fyrir ADSL tengingu. – [hj@bb.is](#)



Pak sett á útgjöld einstaklinga

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt tillögu Skúla S. Ólafssonar forstöðumanns Skóla- og fjölskylduskrifstofu um að þak verði sett á útgjöld einstaklinga til ferðaþjónustu fatlaðra sem bæjarfélagið rekur. Verða hámarksútgjöld á ári því 35.000 krónur á ári eða sem svarar um 226 ferðum með ferðaþjónustunni. Eins og komið hefur fram í fréttum ákvað bæjarráðgjafi Ísafjarðarbæjar fyrir nokkru að hækka fargjöld í ferðaþjónustu fatlaðra úr 75 krónum í 155 krónur eða um 106%. Tók hækkingin gildi þann 1. febrúar. Með bréfi til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar leggur Skúli til að þak verði sett á þessar greiðslur og það verði eins og áður sagði 35.000 krónur á ári. Lagði hann jafnframt til að hámarksgreiðsla í hverjum mánuði yrði 3.500 krónur. Það er gert til þess að dreifa útgjöldum þeirra sem mest yfir árið er þjónustuna nota. Bæjarráð féllst á tillögu Skúla. – [hj@bb.is](#)

Bæjarráð Bolungarvíkur harmar að fjarfundabúnaður skuli ekki meira notaður

Hægt yrði að spara umtalsverðar fjárhæðir með notkun búnaðarins

Bæjarráði Bolungarvíkur finnst ráðstefnuhaldarar ekki tileinka sér nútímatekni nægilega mikið við ráðstefnuhald því ennþá sé íbúum landsbyggðar stefnt hugsunarlaust til Reykjavíkur þegar hægt væri að spara umtalsverðar fjárhæðir með notkun fjarfundabúnaðar. Á fundi ráðsins í síðustu viku var tekið fyrir bréf frá menntamálaráðuneyt-

inu þar sem boðið var til málþings um fljótandi skil leik- og grunnskóla. Málþingið er opið og er haldið á vegum ráðuneytisins í samvinnu við samráðsnefnd leikskóla, samráðsnefnd grunnskóla og KÍ. Það verður haldið í Kennaraháskóla Íslands í Reykjavík þann 1. apríl og hefst kl. 13 og lýkur væntanlega um kl. 17.30 sama dag. Í bókun bæjarráðs

segir: „Bæjarráð harmar að ekki skuli boðið upp á ráðstefnuna í fjarfundabúnaði frá Vestfjörðum.“

Elías Jónatansson forseti bæjarráðs Bolungarvíkur segir þetta ráðstefnuboð ekkert frábrugðið mörgum öðrum boðum sem berast. „Því miður er það svo að almennt hafa ráðstefnuhaldarar verið mjög seinir að tileinka sér þá fjar-

skiptatækni sem til staðar er. Þessa ráðstefnu hefðu eflaust nokkrir af starfsmönnum okkar viljað sækja. Hún stendur hluta úr degi en hefði samt kostað okkar starfsmenn tvo til þrjá vinnudaga auk ferða- og dvalarkostnaðar. Það er of mikill kostnaður þrátt fyrir að efni ráðstefnunnar sé áhugavert. Það er því fyllilega tímabært að vekja ráðstefnuhaldara

almennt til umhugsunar um þá tækni sem er til staðar. Í þessu tilfelli hefði auðveldlega verið hægt að nýta fjarfundabúnað og gera með því fleirum kleift að taka þátt í ráðstefnunni. Við verðum að fara að stefna fólki hugsunarlaust á milli landsluta þegar aðrar lausnir og ódýrari eru til staðar“, segir Elías. – [hj@bb.is](#)



Fjórar konur hófu störf við símaskiptiborð Íslandsbanka á mánudag.

Fjórar konur hófu störf við símaskiptiborð Íslandsbanka

Fjórar konur hófu störf við símaþjónslu og upplýsingagjöf á skiptiborði Íslandsbanka á Ísafirði á mánudag en þær hlutu starfsþjálfun í Reykjavík í liðinni viku. „Þetta hefur gengið ljómandi vel eftir að við komumst í samband en í morgun voru smá tækniörðugleikar við tengingu borðsins.

Við erum mjög ánægðar og okkur list vel á starfið“, segir Karítas Kristjánsdóttir, ein þeirra sem hófu störf í dag.

Fyrst um sinn verður einnig tekið við símhringingum á nuverandi skiptiborði Íslandsbanka í Reykjavík. Símaskiptiborðið tekur við öllum símhringingum sem bankan-

um berast. Fjórir starfsmenn voru ráðnir í febrúar og bæst þeir við starfsmannafjöldann. Er gert ráð fyrir að stöðugildin verði orðin tíu á fyrri hluta ársins 2006. Ný starfsmenn vinna í útibúinu, þannig að heildarstarfsmannafjöldi verður um 20 á fyrri hluta næsta árs.

Ekki hefur komið til neinnar uppsagna vegna flutnings símaskiptiborðsins. Íslandsbanki mun leitast við að flytja þá starfsmenn símaskiptiborðsins sem þess óska til í starfi innan bankans og bjóða þeim upp á endurmenntun í því skyni.

– [thelma@bb.is](#)



Átján skip hafa bókað komu sína í sumar

Í það minnsta 18 skemmtiferðaskip koma til Ísafjarðar á komandi sumri. Er þetta áþekkur fjöldi og síðasta sumar, en þar áður höfðu skipin flest verið um 15 á einu ári. Nokkur þeirra munu ekki leggja út á firðinum; Costa Allegra, Prinsendam, Saga Rose, Saga Ruby, Seven Seas Navy og MS Maasdam. Sumarið fer eins og venjulega hægt af stað og kemur einungis eitt skip til bæjarins í júní. Ellefu skipa komur verða í júlí, fimm í ágúst og eitt skip kemur til bæjarins í september. Ljóst er að hátt í 10 þúsund ferðamenn koma til bæjarins með þessum skipum í sumar. Nokkur skipana eru sannkallaðir Ísafjarðarvinir og hafa komið til bæjarins áður. Má þar nefna Funchal og Hanseatic sem hafa verið tíðir sumargestir á Ísafirði.

Nýr samningur við HSV samþykktur

Samkvæmt nýjum samningi Ísafjarðarbæjar og Héraðsambands Vestfirðinga mun bærinn greiða sambandinu 11 milljónir króna og af þeim fara 6 milljónir í laun starfsmanns þess. Samningurinn gildir til tveggja ára og er honum ætlað að efla samstarf innan íþróttahreyfingarinnar og milli bæjarins og HSV. Einnig er honum ætlað að tryggja öflugt og gott íþrótt- og tólmundastarf fyrir börn og unglunga í þænum með það að leiðarljósi að öll-

um börnum og unglingum gefist kostur á að taka þátt í góðu, fjölbreyttu og uppbyggilegu íþróttastarfi, „þar sem ekki síst verði unnið með meðvitaðar forvarir íþróttastarfs“, eins og segir í samningnum.

Samningnum er ætlað að auka gæði íþróttar í Ísafjarðarbæ og fjölga þátttakendum og stuðla að því að unnið sé samkvæmt fagstefnu. Einnig að auka vægi íþróttastarfs í æskulýðsstarfsemi sveitarfélagsins. Í samningnum er gert ráð fyrir

að aðildarfélög HSV veiti stjórn félagsins umboð til þess að fara með samskipti milli félaga og bæjarins „enda er það stefna Ísafjarðarbæjar að samskipti við íþróttafélögin séu í samráði við HSV“ eins og segir í samningnum. Þá segir einnig: „Öll erindi frá félögum innan HSV til bæjaryfirvalda skulu senda bréflaga til Ísafjarðarbæjar í samráði við stjórn HSV. [...] Stjórn HSV hefur yfirumsjón og eftirlit með því að aðildarfélögin

vinna að fagmennsku og samkvæmt stefnumörkun, sem sambandið setur í samráði við Ísafjarðarbæ.“

Ísafjarðarbær greiðir samkvæmt samningnum 5,5 milljónir króna hvort samningsár eða 11 milljónir alls „og skal styrknum varið til eflingar æskulýðsstarfs íþróttafélaganna“ eins og segir í samningnum. Af þessum 11 milljónum króna skulu 6 þeirra renna til greiðslu launa starfsmanns HSV en 5 milljónum

skal varið í rekstrarframlag til aðildarfélaga sambandsins. „Stjórn HSV sér um að ráðstafa rekstrarframlaginu milli félaga með tilliti til umfangs barna- og unglíngastarfs þeirra, enda hafi HSV eftirlit með því að eðlilegt starf fari fram hjá viðkomandi félögunum“, segir í samningnum.

Í samningnum eru ákvæði um að reknir verði íþrótt- og tólmundastöðir og að umsjónarmenn skulu vera menntaðir íþróttakennarar. Þá er

einnig ákvæði um að stjórn HSV hafi einkaleyfi á því að setja upp og reka sjálfstjórn íþróttamannvirkjum bæjarins þar sem því verður við komið „enda brjóti það ekki gegn almennum manndisviðhorfum“, eins og segir í samningnum.

Eins og áður sagði er gildistími samningsins tvö ár en ákvæði eru um að hvor samningsaðili geti farið fram á endurskoðun hans í ágúst mánuði hvort samningsár. – [hj@bb.is](#)

Uppsögn á samningi við Vesturferðir um rekstur upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Ísafirði

Ágreiningur um aðdraganda uppsagnar

Rúnar Óli Karlsson starfsmaður atvinnumálanefndar segir ekkert samráð hafa verið haft við eigendur Vesturferða áður en samningi við ferðaskrifstofuna um rekstur upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Ísafirði var sagt upp. Formaður atvinnumálanefndar Ísafjarðarbæjar segist standa við þau orð sín að starfsmaður nefndarinnar hafi upplýst nefndina um að samráð hafi verið haft við eigendur ferðaskrifstofunnar.

Sem kunnugt er ákvað atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar á dögum að segja upp samningi við Vesturferðir um rekstur upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Ísafirði, sem fyrirtækið hefur haft með höndum undanfarin ár. Var samningn-

um sagt upp frá janúar 2006. Í frétt bb.is í síðustu viku sagði Elías Guðmundsson formaður atvinnumálanefndar Ísafjarðarbæjar að í undirbúningi sé stofnun markaðsskrifstofu Vestfjarða og því hafi þótt rétt að hafa samning um þennan rekstur lausan. Jafnframt sagði Elías að starfsmaður nefndarinnar hafi átt í viðræðum við eigendur Vesturferða og þeir hafi því vitað hvað til stóð. Í sömu frétt kannaðist Ólafur Örn Ólafsson stjórnarmaður og einn eigenda Vesturferða ekki við að samráð hafi verið haft við Vesturferðir um uppsögnina. Kvaðst hann koma af fjöllum vegna uppsagnarinnar.

Rúnar Óli Karlsson starfsmaður atvinnumálanefndar

segir í samtali við bb.is að ekkert samráð hafi verið haft við eigendur Vesturferða áður en uppsögnin kom til. Rúnar segir að efasemdir hafi lengi verið uppi um að heppilegt væri að upplýsingamiðstöð sem þessi væri í höndum einkaaðila. „Þar sem nú eru í undirbúningi hugmyndir um stofnun markaðsskrifstofu Vestfjarða þótti rétt að losa um þennan samning ef af stofnun markaðsskrifstofunnar yrði“, segir Rúnar. Hann segir að samráð hafi ekki verið haft við eigendur Vesturferða um uppsögnina. Ummæli Elíasar hlytu því að byggjast á misskilningi.

Þegar ummæli Rúnar Óla voru borin undir Elías Guðmundsson formann atvinnu-



Upplýsingamiðstöð ferðamála hefur verið til húsa hjá Vesturferðum í Eðinborgarhúsinu. málanefndar sagðist hann um að hann hefði verið upplýstur um að samráð hefði ver-

id haft við eigendur Vesturferða.

– hj@bb.is

Segir margvíslegt athugavert við sannleiksást stjórnenda MÍ

Borist hefur yfirlýsing frá fyrrverandi kennara við Menntaskólann á Ísafirði vegna skrifa stjórnenda skólans sem birtust hér á vefnum fyrir skömmu. Yfirlýsingin er undirrituð af Ingibjörgu Ingadóttur, enskukennara við skólann, fyrir hönd þess fyrrverandi kennara sem yfirlýsinguna ritar en vill ekki að sinni koma fram opinberlega undir nafni. Yfirlýsingin er sögð byggð á viðtölum við bæði núverandi og fyrrverandi kennara MÍ, bréfum í fórum Ingibjargar og upplýsingum af heimasíðu Menntaskólans á Ísafirði. Í henni segir m.a. að margt sé að athuga við sannleiksást stjórnenda skólans. Áður nefnd yfirlýsing kennarans fyrrverandi, sem nú hefur borist til birtingar, fer hér á eftir í heild:

„Hafa skal það sem sannara reynist, er yfirskrift stjórnenda MÍ vegna umfjöllunar DV um stjórnsýslukæru og lögsókn eins kennara við Menntaskólann á Ísafirði á hendur skólameistara Ólínu Þorvarðardóttur. Lögsóknin er gerð til að fá hnekk áminningu sem Ólína veitti kennaranum fyrir einkunnagjöf eftir að skólameistari fór yfir jólapróf í ENS 103 og breytti einkunnum nokkurra nemenda um einn heilan í fjarveru og án vitundar kennarans.

Margt er að athuga við sannleiksást stjórnenda Menntaskólans á Ísafirði. Í yfirlýsingu stjórnenda sem birtist m.a. í DV og BB segir: „Jafnframt upplýsum við að engin stjórnsýslukæra hefur verið lögð

fram gegn skólanum vegna stjórnarháttar þar innan dýra.“

Hið rétta er að stjórnsýslukæra var send menntamálaráðuneytinu þann 12. janúar 2005.

Stjórnsýslukvörtunin hefur ekki hlotið afgreiðslu í menntamálaráðuneytinu. Viðkomandi kennari höfðaði mál fyrir Héraðsdómi Vestfjarða til að fá áminninguna fellda úr gildi, og var það mál þingfest 16. febrúar 2005. Stjórnsýslukvörtun og málshöfðun eru sitt hvort fyrirbærið, því að samkvæmt lögum er ekki hægt að fá áminningu fellda úr gildi með stjórnsýslukæru.

Vikublaðið Bæjarins besta á Ísafirði birti yfirlýsingu stjórnenda MÍ athugasemdalust þrátt fyrir að lögfræðingur Kennarasambands Íslands hafi sent blaðinu ábendingu til leiðréttingar á fullyrðingum stjórnenda þar um eftir að hún birtist á vef blaðsins.

Eins og fram hefur komið með vikublaðið Bæjarins besta á Ísafirði á hendur skólameistara Ingibjörgu Ingadóttur enskukennara úr stöðu sviðsstjóra erlendra mála með bréfi 23. febrúar 2005 og lækk-aði hana um einn launaflokk. Var það gert í beinu framhaldi af lögsókn kennarans (þingfest 16. febrúar). Um leið notaði skólameistari tækifærið og felldi niður annan launaflokk sem kennarinn hafði áunnið sér með því að stunda nám við Endurmenntunardeild Háskóla Íslands á skólaárinu. Í bréfinu segir: „Í ljós hefur komið nýlega að þú uppfyllir ekki ákvæði 11., 12. og 15. gr.

laga nr. 86/1996 um lögverndun á starfsheiti framhaldsskólakennara í þeirri kennslugrein sem þú hefur innt af hendi við skólann. Þú ert því hér með leyst undan starfskyldum sem sviðsstjóri erlendra tungumála við Menntaskólann á Ísafirði.“

Í því sambandi er rétt að benda á að annar kennari sem gegnir starfi sviðsstjóra uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 86/1996. Einnig var það ljóst þegar Ingibjörg var ráðin sviðsstjóri fyrir þremur árum til tveggja ára og endurráðin fyrir einu ári að hún hafði ekki BA-próf í ensku. Hvernig sem á því stendur virðist sannleiksást stjórnenda við Menntaskólann á Ísafirði orka tvímælis.

Ingibjörg Ingadóttir enskukennari við Menntaskólann á Ísafirði hefur 9 ára kennslureynslu sem enskukennari. Hún hefur búið 12 ár meðal annarra þjóða og þar af 5 ár í Bretlandi. Ingibjörg lauk BA-prófi í hótellstjórnun og ferðamálafræði frá háskólanum í Surrey á Englandi og svissneskum hótelskóla í Apenu 1990. Hún lauk 15 einingum í almennum bókmenntum og sænsku við Háskóla Íslands 1983 og hefur lokið uppeldis- og kennslufræði við Kennaraháskóla Íslands 2001. Þá lauk Ingibjörg 15 eininga námi í desember 2004 við Endurmenntunardeild Háskóla Íslands, Stjórnun og forysta í skólaumhverfi, og á ólokið 30 einingum til BA-prófs í ensku sem hún stefnir á að ljúka frá Háskóla Íslands.

Þessum kennara ætla Ólína að gera óbærilegt að kenna við Menntaskólann á Ísafirði því skrifleg áminning þýðir í raun að við minnstu yfirsjón hefur skólameistari í hendi sér að reka kennarann á staðnum. Kennarinn verður að fá áminningunni hnekk eða hætta kennslu við skólann ella.

Ef borin er saman starfsmannaveltu kennara síðustu fjögur árin í tíð Björns Teitssonar og starfsmannaveltu kennara í 4 ára skólameistara-tíð Ólínu Þorvarðardóttur verður niðurstaðan henni mjög í óhag, hvernig sem á því stendur.

Í margnefndri yfirlýsingu skólameistara og stjórnenda MÍ vegna umfjöllunar DV um stjórnunarhátti við skólann stendur jafnframt: „...hefur á sama tíma (á sl. 3 árum) orðið bylting í atgervissókn að skólanum þar sem vel menntaðir réttindakennarar eru nú 80% kennaraliðsins í stað 20% áður“.

Sér er nú hver byltingin, því við samanburð á kennurum í tíð Björns Teitssonar og nú Ólínu Þorvarðardóttur kemur í ljós að prósentutölur og útreikningar stjórnenda við MÍ, Ólínu skólameistara, Guðbjarts aðstoðarskólameistara, Guðmundar Þórs áfangastjóra, Gísla fjármálastjóra og Stellu námsráðgjafa eru vægast sagt hæpnir. Einhver myndi kalla þetta fölsun talna eða frjálsglega farið með tölur gegn betri vitund. Reikni nú hver fyrir sig og sannfærist um sannleiks-gildi reiknikúnsta þeirra og

sannleiksást.

Sjá meðfylgjandi tölur um starfandi kennara við MÍ vorið sem Björn Teitsson lét af embætti skólameistara og starfandi kennara við MÍ nú vorið 2005 undir stjórn Ólínu Þorvarðardóttur.

Með kennsluréttindi í tíð Björns: Samtals 12 réttindakennarar, þar með talinn Björn Teitsson.

Án kennsluréttinda: Samtals 8 kennarar, þar af einn sem hafði lokið námi en átti eftir að skila lokaritgerð sem hann gerði veturinn á eftir.

Með kennsluréttindi í tíð Ólínu: Samtals 15 réttindakennarar.

Án kennsluréttinda: 4 í réttindanámi og 10 til viðbótar án kennsluréttinda, þar með talinn skólameistari. Samtals 14 kennarar án kennsluréttinda.

Að lokum mætti spyrja hvað dvelji orminn langa, þ.e. skólanefnd Menntaskólans á Ísafirði. Hefur hún ekkert aðhafst í þessu alvarlega ástandi sem nú ríkir innan skólans? Skuldar formaður skólanefndar okkur íbúum Vestfjarða ekki skýringar á því sem nú á sér stað í skólanum eða ætla nefndin

að vera stíkkfrí þar til dómur hefur verið upp kveðinn í Héraðsdómi Vestfjarða? Það skyldi þó ekki vera að það hefði mátt komi í veg fyrir þau afleitu vinnubrögð skólameistara sem áminningarferlið ber vott um.

Fyrrverandi kennari við Menntaskólann á Ísafirði tók saman.

Í litlu samfélagi er erfitt að koma fram í slíkum deilum undir nafni. En í þeirri von að lesendur geti betur áttað sig á þessu deilumáli og í þeirri einlægu trú að allir aðilar málsins vilji hafa það sem sannara reynist, lagðist bréfitari í svolitla rannsóknarvinnu sem hér lítur dagsins ljós. Ef eitt-hvað hefur skolasit til í sambandi við upptalningu kennara með eða án kennsluréttinda vonast ég til að það verði leiðrétt. Skiptingin er að mínu mati og annarra mjög nærri lagi.

ATHS: Grein þessi er byggð á viðtölum við bæði núverandi og fyrrverandi kennara MÍ, bréfum í fórum Ingibjargar Ingadóttur og upplýsingum af heimasíðu Menntaskólans á Ísafirði.

F.h. bréfitara, Ingibjörg Ingadóttir. “

Atvinna

Starfskraftur óskast frá og með 1. júní til 1. september. Vinnutími frá kl. 13-18.

Upplýsingar aðeins gefnar í versluninni.

Blómaturinn.



Meðal þess sem var til sýnis voru skreytt egg.
Myndir: Birgir Þór Halldórsson.

Yfir hundrað manns á kynningu á pólskum páskahefðum

Rúmlega hundrað manns sóttu kynningu á pólskum páskahefðum sem haldin var á vegum Félags Pólverja á Vestfjörðum í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á laugardag. „Þetta gekk mjög vel og við fengum góðar viðtökur“, segir Barbara Gunnlaugsson, einn

skipuleggjenda sýningarinnar. Meðal þess sem var til sýnis voru máluð egg og fengu gestir að taka þátt í

eggjaskreytingunni ef þeir vildu. Boðið var upp á ýmis tónlistaratriði, pólskar kökur og kaffi. Þess má

geta að Félag Pólverja á Vestfjörðum naut aðstoðar Róta, félags áhugafólks um menningarfjölbreytni.



Gestir á sýningunni hlýða á pólska tónlist.

Páskatílbod *www.romantik.is*

Í tilefni páskaanna býður romantik.is allt 70% afsl. Allir sem versla fyrir 6.000 kr. eða meira fá nuddolíu með jarðaberjabragð og kennslumyndbandið „10 leyndardómar ástarlífsins“ FRÍTT með í kaupbæti. Verðmæti samtals 5.000 kr.

Cybergg Vinselstu eggj í dag. Það er klætt micyberhúð sem gerir það mjúkt viðkomu. Það hefur flóttandi flipa sem kemur hvaða konu sem er í hæstu hæð. Verð áður kr. 2.495.- nú kr. 1.995.-	Passion smáskrem Unaðs- og óvunar krem fyrir konur. Það hefur ófluga nýja formúlu sem gefur enn meiri virkni. Það er algenglega nánirlegt og hefur milt cherry bragð sem gerir ástarlífsina enn meira ástundi. Verð áður kr. 3.895.- nú kr. 1.995.-	DOLPHIN Háfrægar Vinselstu hjálpartekjð fyrir þó. Hófrungurinn hefur teygjanlegan hring ír jölyfni og er með innbyggðu mini egg. Trénu flípinn ónar konum. Á meðan veitir hringurinn barnanum meiri óvan. Fjölþrepa braustilling. Verð áður kr. 8.995.- nú kr. 5.995.-
---	--	---

Hægt er að ganga frá öllum pöntunum í síma 586-8500 www.romantik.is



Gleðilega páska Komdu út í Plús

Netverðdæmi - 200 sæti á páskatílbod

Krit 13. júní, 18. júlí og 1. ágúst Verð frá 41.400 kr.** á Skala í 7 nætur. 55.800 kr.* af 2 ferðast samant.	Kanari - VISAtílbod 20. mars Verð frá 50.089 kr.* á Regnes Næðs í 15 nætur.
Portúgal 13. júní, 18. júlí og 1. ágúst Verð frá 35.800 kr.** á Elísas í 7 nætur. 48.200 kr.* af 2 ferðast samant.	Costa del Sol 9. júní, 7. júlí og 18. ágúst Verð frá 39.560 kr.** á Santa Clara í 7 nætur. 48.800 kr.* af 2 ferðast samant.
Mallorca 1. júní, 13. júlí og 10. ágúst Verð frá 34.930 kr.** á Piti Lari Playa í 7 nætur. 46.700 kr.* af 2 ferðast samant.	Feneyska Rivieran 1. júní, 6. júlí og 17. ágúst Verð frá 46.620 kr.** á Seta Madral í 7 nætur. 63.620 kr.* af 2 ferðast samant.

*Verðdæmi miðast við að 2 ferðast samant.

Landfélid er flug, gistingu, ferðagjafir orlofs og flugvallarskattar.

**Verðdæmi miðast við að 2 ferðast samant og 10 ára ferðast samant.

Landfélid er flug, gistingu, ferðagjafir orlofs og flugvallarskattar.

SumarPlús 2005



plús
FERÐIR



Snorri Hinriksson var valinn fegurðardrottning Vestfjarða.
Mynd: Birgir Þór Halldórsson.

Uppistand og óvænt fegurðarsamkeppni

Keppnin um titilinn „fyndnasti maður Vestfjarða“ hófst í Krúsinni á Ísafirði á föstudag. Sex keppendur tóku þátt og eini kvenkyns þátttakandinn Sunneva Sigurðardóttir var sigurvegari kvöldsins en úrslitakeppni fer fram um páska-ana. Boðið var upp á tónlistaratriði þar sem meðal annars komu fram Halldór Gunnar Pálsson og Rögnvaldur Magnússon.

Einnig var óvænt uppákoma

er tilkynnt var að fegurðarsamkeppni Vestfjarða myndi fara fram um kvöldið öllum að óvörum. Fjórar ungar stúlkur hver annarri glæsilegri voru leiddar fram á sviði en í ljós kom að um grín væri að ræða þegar Snorri Hinriksson, núverandi fyndnasti maður Vestfjarða, var leiddur fram sem síðasti keppandinn íklæddur bikíní. Hann var valinn fegurðardrottning Vestfjarða 2005 við mikil fagnaðarlæti.

Þriggja manna dómnefnd skipuð Guðjóni Þorsteinssyni, Rúnari Rafnssyni og Snorra Hinrikssyni sá um að gefa keppendum stig en sá keppandi sem flest hefur að loknu úrslitakvöldinu verður útnefndur fyndnasti maður Vestfjarða 2005. Auk Sunnevu tóku þátt Sverrir Örn Rafnsson, Snorri Örn Rafnsson, Óttar Gnýr Rögnvaldsson, Gunnar Örn Rögnvaldsson og Hákon Þór Pálsson. — *thelma@bb.is*



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

Meirihluti félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar

Styður ekki lög um lágmarkslaun

Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar náði ekki samkomulagi um umsögn nefndarinnar við frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi um lágmarkslaun. Meirihlutinn telur frumvarpið takmarka rétt til frjálsra samninga en minnihlutinn telur að réttur launa- fólks til mannsæmandi launa gangi framur rétti til frjálsra samninga.

Fyrir nokkru lögðu fimm þingmenn Samfylkingarinnar fram lagafrumvarp á Alþingi um lágmarkslaun. Frumvarpið er stutt, aðeins tvær greinar. Í fyrri grein þess segir að heildarlaun á mánuði

fyrir 18 ára og eldri skulu ekki vera undir 138.500 krónum fyrir fulla dagvinnu og í seinni grein frumvarpsins segir að lögin öðlist gildi 1. júní 2005. Frumvarpið var sent ýmsum aðilum í þjóðfélaginu til dæmis félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar.

Á fundi nefndarinnar fyrir stuttu var málið tekið fyrir en nefndin komst ekki að samkomulagi um umsögn. Meirihluti nefndarinnar; Kristjana Sigurðardóttir, Gréta Gunnarsdóttir, Sigrún Gerða Gísladóttir og Hörður Högnason, er mótfallinn því að takmarka rétt aðila vinnumarkaðarins til

frjálsra samninga um launa- kjör. Minnihluti nefndarinnar; Védís Geirsdóttir, telur að réttur launafólks til mannsæmandi launa gangi framur réttindum aðila vinnumarkaðarins til frjálsra samninga. Vinnumarkaðurinn hafi ekki tryggt að launafólk geti lifað af daglaunum sínum og því telur fulltrúi minnihluta að rétt sé að setja lög sem kveða á um lágmarkslaun. Fulltrúinn tekur þó ekki afstöðu til upphæðarinnar.

Starfsmanni nefndarinnar var falið að senda félagsmálanefnd Alþingis umsagnirnar. — *hj@bb.is*

Sr. Karl V. Matthíasson skrifar um málefni Menntaskólans á Ísafirði

Góður skólameistari – góður menntaskóli

Þegar ég var í Háskóla Íslands að nema guðfræði kynntist ég fólki sem kom úr Menntaskólanum á Ísafirði. Þessi kynni voru mjög ánægjuleg af tveimur ástæðum. Sú fyrri er að allt er þetta fyrirmyndar sómafólk og hefur unnið landi okkar og þjóð mikið gagn. Hin ástæðan var sú að kominn væri upp framhaldsskóli í landshluta sem hafði ekki státað af slíkum framhaldsskóla fyrir.

Á þessum árum átti ég heima á Snæfellsnesi, hafði verið þar við sjómennsku og kennslu og gladdist líka mjög þegar Vesturland fékk sinn fjölbrautarskóla. Það er mjög mikilvægt að fólk geti sótt nám sitt sem næst heimabyggð og að skólararnir séu vel settir hvað mannskap varðar. Auk þess sem vaxandi skólastarf í hverri byggð er gífurlega mikið byggðamál.

Eftir að ég lauk námi í guðfræðideildinni kom ég til að vera þjónn á Vestfjörðum fyrst í kirkjunni og síðar sem alþingismaður og hef ég fylgst með starfi Menntaskólans á Ísafirði og hefur verið gott að sjá hver- su mikilvægan sess sú menntastofnun gegnir fyrir Vestfirði

um og leið landið í heild.

Ég átti ágæt samskipti við þann mæta mann Björn Teitsson sem var skólameistari á Ísafirði í tvo áratugi og sá ég því betur en ella hversu mikilvægt starf skólameistarans er og krefjandi. Þegar Björn hætti með sóma urðu margir ug- gandi um framtíð skólans en er ég frétti að gamall nemandi þaðan, Ólína Þorvarðardóttir hafði verið fengin til að taka að sér stjórn hans vissi ég að skólinn yrði í góðum höndum. Ólína er úr hópi þeirra Vestfirðinga sem ég kynntist á háskólaárum mínum og sátum við meira að segja sem fulltrúar stúdenta í stúdentaráði og háskólaráði þar sem hún var mjög skelegg og góður fulltrúi stúdenta. Fréttir af uppgangi Menntaskólans á Ísafirði hafa verið mér gleðifréttir og komu mér reyndar ekki á óvart og veit ég að Ólína á mjög stóran þátt í framgangi skólans.

Já, ég hef fylgst með því með mikilli ánægju af eigin raun og í fjölmiðlum svo sem Bæjarins besta og öðrum, að mikið uppbyggingarstarf hefur verið unnið við Menntaskól-

ann á Ísafirði. Nemendum hef- ur fjölgað umtalsvert og aldrei verið fleiri í allri sögu skólans. Og í kjölfarið hefur kennurum og starfsfólki einnig fjölgað. Það munar heldur betur um slíkt í samfélagi þar sem störf- um hefur fækkað gríðarlega á undanförmum árum, bæði á almennum markaði og hjá opin- berum aðilum. (Hér langar mig til að skrifa heilmikið um ríkisstjórn sem hundsar Norð- vesturkjördæmið, en það biður annars tíma.)

Þá hefur einnig orðið um- talsvert fjölgun réttindakenn- ara og hefur skólinn aldrei áður haft á að skipa eins miklu mannvali, vel hæfra og mennt- aðra kennara og annars starfs- fólks (án þess að rýrð sé varpað á það góða fólk sem áður hefur komið að störfum við skól- ann). Því hefur mátt lesa það að stjórnendur skólans, með skólameistarann Ólínu Þor- varðardóttur í fararbroddi, hafa unnið hörðum höndum við að bæta og styrkja það starf sem fram fer innan hans. Það má ekki gleyma því, að Mennta- skólinn á Ísafirði er eini fram- haldsskólinn á Vestfjörðum og

um leið æðsta menntastofn- unin í héraðinu. Þess vegna hlýtur okkur öllum að vera ljóst að það starf og það orð- spor sem fer af skólanum skiptir miklu máli fyrir allan fjórðunginn. Með því að gera kröfur til kennara og nemenda, með því að auka gæði og fjöl- breytni námsins, með því að bjóða upp á nýjungar í náms- vali, eins og nýbúabraut eða grunnnám byggingagreina, með því að laða að skólanum hæft og dugandi starfsfólk og með því að greiða stærra hlut- falli fólks á framhaldsskóla- aldri á Vestfjörðum leið að fjölbreyttri menntun, hefur tekist að efla starf Mennta- skólans á Ísafirði mjög mikið. Það hefur verið viss varnar- sigur fyrir alla Vestfirðinga, og alla aðra sem bera hag Vest- firðir. Er þetta ekki síst Menntaskólinn á Ísafirði hefur staðist þau „byggðaröskunar- áföll“ sem hafa dunið yfir Vestfirði. Er þetta ekki síst Ólína Þorvarðardóttir að þakka.

Því vekur það mikla undrun mína að málefni skólans hafa komið til umfjöllunar á síðum

Bæjarins besta með neikvæð- um hætti, nú síðast í pistli Stakks. Reyndar er þessi um- fjöllun byggð á fréttatutningi DV, sem er sá fjölmiðill í land- inu er nýtur hvað minnstrar tiltrúar og virðingar meðal þjóðarinnar. Slíkur fréttamiðill getur þó á sinn sérstaka hátt, sett blett á starf og heiður þeirra sem í hlut eiga, og leið- inlegt er að helsta blað Vest- firðinga skuli bera slíkt áfram fyrir lesendur sína, án þess að skoða málin kostgæfilega.

Í fréttum DV er með gifur- yrdum og sleggjudómum lagt mat á störf og persónu skóla- meistarans og settar fram svo grófar lýsingar á samskiptum innan skólans, að furðu má seta. Ekkert af því sem þar er haldið fram um samskipti stjórnenda við starfsfólks á við rök að styðjast, eftir því sem kemur fram í yfirlýsingu stjórnenda skólans og ég best veit.

Á stórum vinnustað með tugum starfsmanna og hund- uðum nemenda, er ljóst að komið geta upp fjölmörg ágreiningsmál. Á þeim málum er auðvitað tekið samkvæmt



Karl V. Matthíasson.

ákveðnum reglum og hefðum í skólastarfi og samskiptum fólks. Þegar einstaklingar sem einhverra hluta vegna, setta sig ekki við niðurstöðu slíkrar umfjöllunar og hlaupa í skjóli nafnleyndar í fjölmiðla, er ekki aðeins verið að rífa niður það starf sem unnið er innan skólans, heldur jafnframt verið að ráðast á þann stóra hóp starfs- manna sem staðið hefur með stjórnendum að því að efla og styrkja Menntaskólann á Ísa- firði.

Ég hvet Vestfirðinga að senda skólameistarann og hans ágæta starfsliði baráttu- kveður og hvetja Ólínu og hennar fólk til þess að halda ótraud áfram því góða starfi sem þau hafa unnið síðustu ár, en láta ekki niðurrifsöfl skemma fyrir því. Með bestu kveðjum og góðum óskum.

— Karl V. Matthíasson.

ritstjórnargrein

Ómaksins vert að staldra við

„Sá mesti, sem sögur fara af, var fátækastur allra“, sagði skáldið og heimspekingurinn Emerson. Hver ætli það hafi verið? Hvaða hlutverki hafði hann að gegna? Og hafi hann yfir höfuð átt erindi, er hans þá nokkur þörf nú á tímum þegar tæknin sér um að uppfylla þær daglegu þarfir, sem maðurinn hefur talið sér trú um að hann geti ekki án verið og sem virðast þeim einu takmörkunum háðar að ljósleiðararinn brenni ekki yfir? Höfum við ekki meiri þörf fyrir góðan rafvirkja? „Ég blekkir alla stjórnmálamenn með því að segja þeim sannleikann“, var haft eftir Bismarck, valdamiklum þjóðarleiðtoga um áratuga skeið. Kænska Bismarcks gagnast ekki almenningi, sem hefur það vald eitt að kjósa yfir sig leiðtoga á fjögurra ára fresti. „Friði verður ekki haldið uppi með hervæðingu, hann varðveitist aðeins með því móti, að mennirnir reyni að skilja hverir aðra.“ Albert Einstein hvatti Bandaríkjamenn til að verða á undan Þjóðverjum að smíða kjarnorkusprengju, en varaði síðar við notkun hennar í hernaði. Bandaríkjamenn tóku hvatningarorð hans alvarlega en sniðgengu viðvörðunina. Af því verður aðeins einn lærdómur dreginn: Aldrei aftur Hiroshima og Nagasaki! Páskhátíðin er framundan. Hátíðin sem minnir okkur á hvernig við tókum Honum, sem sagðist til þess fæddur og til þess kominn í heiminn að bera sannleikanum vitni. Enn þann dag í dag skjótum við okkur á bak við Pílatus, sem spurði: Hvað er sannleikur? „Sannleiknum meta sitt gagn meir“, kvað sálmaskáldið, Hallgrímur Pétursson, um valdsmennina forðum og bætti um betur: „Hvað margur nú í heiminum / hér fyrir lastar Pílatum, / sem þó elskar og iðkar mest / athæfið hans og dæmin verst.“ Gott betur en þrjár aldir eru liðnar síðan þetta var ort. Er ekki ómaksins vert að staldra við? Nægir okkur, þegar allt kemur til alls, sá yfirhlaðni tilbúni lífsstíll, sem við höfum tileinkað okkur? Er svo komið að við teljum okkur geta lifað á einu saman brauði? Bæjarins besta fagnar komu gamalla Ísfirðinga og annarra gesta til Ísafjarðar á páskum, vonar að þeir njóti dvalarinnar og hafi síðan góða heimkomu. Blaðið óskar lesendum sínum og landsmönnum öllum gleðilegar páskahátíðar.

orðrétt af netinu

Stærstu fangabúðirnar?

Spunameistarar Bandaríkjastjórnar halda því fram að Afganistan sé nú orðinn útvörður lýðræðis í Asíu. Í raun og veru er landið hins vegar ennþá eitt af hættulegustu löndum heims. Morð og mannhvörf eru þar daglegt brauð. Erlendir fréttamenn í landinu hætta sér fæstir út fyrir Kabúl, en frá höfuðborginni koma flestar „fílgudd“-fréttirnar um það hversu dásamlegt lífið sé nú orðið í Afghanistan. Engum dylst þó að lífið í Kabúl er ennþá mjög hættulegt, eins og íslenskir friðargæsluliðar fengu að kynna í haust. Utan við Kabúl hefur öryggi, lögum og reglu hrakað með áberandi hætti frá því á valdatíma Talibana. Þeir sem yfirgefa Kabúl ferðast vígbúnir í bílalestum. Mannshvörf eru tíð og margar alþjóðastofnanir hætta ekki á að starfa í landinu. Þannig yfirgáfu læknasamtökin Médécins sans frontières (Læknar án landamæra) landið eftir að fimm starfsmenn þeirra voru myrtir í júní síðastliðnum.

murinn.is – Sverrir Jakobsson

Útgafandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgoðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · **Fréttastjóri:** Halfdán Bjarki Hálfðáns, sími 863 7655, halfdan@bb.is – **Blaðamenn:** Halldór Jónsson, sími 892 2132 hj@bb.is – Thelma Hjaltaðóttir, sími 849 8699, thelma@bb.is · **Ritstjóri netútgáfu:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. ISSN 1670 - 021X

Kosningum um sameiningu sveitarfélaga á Vestfjörðum

Frestað til 8. október í haust

Kosningar um tillögur sameiningarnefndar sveitarfélaga sem fram áttu að fara þann 23. apríl munu frestast til 8. október ef stjórnarfrumvarp sem félagsmálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi verður samþykkt. Sem kunnugt er lagði nefndin fram tillögu um viðamikla sameiningu sveitarfé-

laga á Vestfjörðum sem hefur ekki hlotið mikinn stuðning meðal sveitarstjórnarmanna. Í greinargerð með frumvarpinu segir að ástæða seinkunarinnar sé tvíþætt. Annars vegar hafi tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir að ná samkomulagi í tekjustofnanefnd um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga

og því hafi dregist að sameiningarnefnd kynnti endanlegar tillögur sínar. „Er því nú ljóst að ekki er nægur tími til stefnu til að tillögunar geti fengið nægilega kynningu og umfjöllun í viðkomandi sveitarfélögum fyrir kjördag. Hins vegar er ástæðan sú að undirbúningur

atkvæðagreiðslu um tillögur sameiningarnefndar er kominn misjafnlega vel á veg á einstökum svæðum“ eins og segir í greinargerðinni. Þá segir að allmargar sveitarstjórnir hafi lýst yfir þeim áhyggjum sínum að frestur til að undirbúa atkvæðagreiðslu sé ekki nægur ef kjósa þarf 23. apríl 2005.



Um 40 manns lærðu hugleiðslu

Góð aðsókn var að Raja Yoga hugleiðslunámskeiði sem haldið var í Hörmrum, sal Tónlistarskóla Ísafjarðar fyrir stuttu. „Um 40 manns komu á námskeiðið og þetta var mjög áhugasamur hópur. Ísfirðingar eru mjög andlegt og opið fólk“, segir Sigrún Olsen leiðbeinandi. Er þetta í fyrsta sinn sem Raja Yoga er kennt á Ísafirði en þessi hugleiðsluadferð er kennd af Brahma Kumaris sem er andlegur skóli og starfrækir yfir 5.000 hugleiðslumiðstöðvar í 87 löndum. Velgengni námskeiðsins var slík að Sigrún ætlar að koma aftur 9. apríl og halda námskeiðinu áfram. „Mikill áhugi var fyrir því að halda áfram en í Raja Yoga eru sjö æfingar og á laugardag var aðeins kennt sú fyrsta. 25 manns skráðu sig á framhaldsnámskeið eftir mánuð en þangað til mun sá hópur æfa fyrstu æfinguna“, segir Sigrún.

– thelma@bb.is

Hljómsveit Tónlistarskóla Ísafjarðar

Flytur páskatónlist í kirkjunni

Tónleikar í anda páskanna verða haldnir í Ísafjarðarkirkju kl. 20 á föstudaginn langa. Hljómsveit Tónlistarskóla Ísafjarðar ætlar ásamt stjórnanda sínum Januszi Frach, að koma tónleikagestum í páskastemningu á þessu helga kvöldi í

ár, en sú hefð að halda tónleika í Ísafjarðarkirkju að kvöldi föstudagsins langa er marga áratuga gömul.

Hjá hljómsveitinni standa yfir stífar æfingar þessa dagana, en hún er nú skipuð 11 nemendum Tónlistarskóla Ísa-

fjarðar á aldrinum 14-20 ára, sem leika á fiðlu, selló, píanó og orgel. Gestir hljómsveitarinnar á tónleikunum verða Kammerkórinn, einsöngvararnir Ingunn Ósk Sturludóttir og Mariola Kowalczyk auk sönghóps nemenda úr Tónlist-

arskóla Ísafjarðar og Listaháskóla Íslands.

Á tónleikunum, sem bera yfirskriftina „Heill míns hjarta“ verður flutt metnaðarfull dagskrá í anda páskanna, sem inniheldur m.a. þætti úr kirkjulegum verkum.

Verður Slökkvilið Ísa-fjarðarbæjar einkarekið?

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt ósk InPro ehf. í Kópavogi um að hefja formlega úttekt á rekstri slökkviliðs Ísafjarðarbæjar með tilliti til hugsanlegs einkarekstur þess. Ósk fyrirtækisins kemur fram í kjölfar fundar sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins átti

með Halldóri Halldórssyni bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar. Í bréfi sem InPro sendi Ísafjarðarbæjar fyrir skömmu segir m.a.: „Slík úttekt myndi fela í sér skoðun á öllum rekstrarþáttum slökkviliðsins er lúta að þjónustu, gæðum þjónustu, starfsmannamálum og fjárhagsleg-

um rekstri. Tilgangur úttektarinnar er að skilgreina helstu mælikvarða í rekstri slökkviliða til að hægt sé að setja fram tillögu að samningsbundnum markmiðum sem verða hluti af hugsanlegum framtíðarsamningi. Ástæðan fyrir þessari nálgun er að

tryggja að einkarekstur leiði ekki til lakari þjónustu við almenning eða minni hæfni slökkviliðsmanna til að gegna störfum ef áhugi reynist vera fyrir hendi þessari hugmynd af hálfu sveitarstjórna.“

Bæjarráð samþykkti heimild til úttektar án skuldbindinga.

Grunnskólarnir á Flateyri og á Ísafirði

Rætt um sameiginlega yfirstjórn

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að fram- lengja ekki ráðningarsamning við núverandi skólastjóra Grunnskólans á Flateyri. Í framhaldinu var ræddur sá möguleiki að fella yfirstjórn skólans undir yfirstjórn Grunnskólans á Ísafirði en á endanum ákvað skólanefnd bæjarins að auglýsa stöðuna lausa til umsóknar. Það fer því eftir umsækjendum hvort aftur verða teknar upp hug- myndir um sameiginlega stjórnun skólans og einhvers hinna skólanna.

Síðastliðið haust var Sverrir Kristinsson ráðinn skólastjóri við Grunnskóla Öndarfjarðar á Flateyri. Var gerður við hann ráðningarsamningur til

eins árs. Á fundi fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar fyrir stuttu var ákveðið að framlengja ekki ráðningarsamninginn við Sverri og lætur hann því af skólastjórn í sumar.

Að undanfögnu hefur verið rædd sú hugmynd innan stjórnkerfis Ísafjarðarbæjar og í fræðslunefnd bæjarins að fella yfirstjórn skólans á Flat- eyri undir yfirstjórn grunn- skólans á Ísafirði. Samkvæmt minnisblaði sem Skúli S. Ól- afsson, forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu, lagði fyrir fund fræðslunefndar kemur fram að stöðugleika hafi verið ábótavant í yfirstjórn grunnskólanna á Flateyri og Þingeyri sökum tíðra manna- skipta. Slíkt hafi skapað

ókyrrð í skólastarfinu og kom- ið í veg fyrir að unnt hafi verið að móta þar stefnu til framtíðar. Með sameiginlegri yfir- stjórn kunni að verða hægt að veita nauðsynlega kjölfestu í skólamálum í Öndarfirði sem sé forsenda fyrir góðu skólastarfi.

Þá kemur fram í minnisblað- inu að áfram sé miðað við það að nemendur stundi nám í sín- um heimaskóla og að tryggja þurfi góða skólastjórn til fram- búðar. Að auki eru færð fyrir því rök að slíkt skipulag geti falið í sér fjárhagslegan sparn- að og hluta þess sparnaðar mætti verja til aukinna hlunn- inda eða til að leggja rækt við annað starf skólanna sem met- ið er brýnna en sjálfstætt

skólastjóraembætti. Þá kemur fram í minnisblaðinu að með ráðningu grunnskólafulltrúa hafi þjónusta við skólana stór- aukist og einnig hafi viðamik- ið verkefni verið fært frá skóla- stjórnum með tilkomu starfs- manns eignasjóðs.

Í minnisblaði Skúla kemur einnig fram að samkvæmt gildandi grunnskólastefnu fræðslunefndar sé miðað við heildstæða skóla í hverju skólahverfi og samkvæmt þeirri stefnu skuli ráðinn skólastjóri. Fræðslunefnd ákvað að auglýsa starfs skóla- stjóra á Flateyri laust til um- sóknar. Samkvæmt heimild- um blaðsins mun málið verða skoðað að nýju þegar fyrir liggur hvort umsóknir um



Flateyri við Öndarfjörð.

starfið berast. Uppfylli um- sækjendur ekki væntingar fræðslunefndar má allt eins

búast við að skoðuð verði sú leið að sameina yfirstjórn skól- anna. – *hj@bb.is*



Séð yfir Öndarfjörð. Á innfelldu myndinni sést Flateyri frá övenjulegu sjónarhorni. Myndir: Páll Öndarson.

Tilgangur að ná góðum myndum

Páll Öndarson áhuga- ljósmyndari fór í síðustu viku í hópi góðra manna upp á topp Breiðadalshéiðar og naut þar góðviðris- ins. Náði hann mörgum prýðisgóðum myndum í

heidiríkjunni sem var þann daginn. „Ég fór með nokkrum björgunarsveit- armönnum frá Flateyri. Tilgangur ferðarinnar var fyrst og fremst sá að ná góðum myndum, eða gera í

það minnsta heiðarlega til- raun til þess. Það virðist hafa tekist“, segir Páll. „Við fórum alveg upp á topp á heiðinni, en flestar myndirnar eru teknar fyr- ir ofan Veðrará.“ Aðspurð-

ur segir Páll að snjór hafi verið mjög lítill á heiðinni, en að sá snjór sem var hafi verið glerharður. „Það hefði verið hægur leikur að vera þarna á fólksbíl“, segir Páll. – *halfdan@bb.is*

Starfshópur skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra

Ætlað að meta þjónustu við aldr- aða á norðanverðum Vestfjörðum

Heilbrigðis- og trygginga- málaráðuneytið hefur ákveðið að skipa starfshóp sem ætlað er að meta þörf fyrir þjónustu við aldraða á norðanverðum Vestfjörðum. Starfshópurinn skal afla upplýsinga um fjölda aldrara á þessu svæði, þarfir þeirra og meta hvernig unnt

verði að veita þeim viðhlítandi þjónustu á sem hagkvæmastan hátt á komandi árum eins og segir í bréfi ráðuneytisins til Ísafjarðarbæjar.

Sem kunnugt er hafa bæði Ísafjarðarbær og Bolungarvík- urkaupstaður hafið undirbún- ing að byggingu hjúkrunar-

heimilis í sveitarfélögunum og má ætla að skipan starfshóps- ins sé ákveðið svar við þeim fyrirætlunum.

Starfshópurinn verður skip- aður fjórum fulltrúum ráðu- neytisins og einum fulltrúa frá hverju sveitarfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum

þ.e. Bolungarvíkurkaupstað, Ísafjarðarbær og Súðavík- urhreppi. Eru fulltrúar sveitar- félaganna því í minnihluta hópsins. Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar fyrir stuttu var samþykkt að Guðni Geir Jóhannesson verði fulltrúi bæjarins í hópnun. – *hj@bb.is*

Hlaða fauk á Ingjaldssandi

Hlaða við bæinn Sæból á Ingjaldssandi fauk í síðustu viku í miklu hvassviðri. Björgunarsveitir frá Flateyri og Hnífsdal voru kallaðar út og héldu þær á þremur bílum til aðstoðar bóndanum á Sæ- bóli.

Að sögn Ívars Kristjáns- sonar formanns Björgunar- sveitarinnar Sæbjargar á Flateyri fóru þrettán björg- unarsveitarmenn til Ingjalds-

sands á öflugum jeppum því vegurinn þangað er að jafn- aði ekki mokaður og hefur verið ófær að undanfögnu. Hann sagði ferðina hafa gengið vel þrátt fyrir hvass- viðri.

„Þegar við komum á stað- inn var hlaðan fokin og opið var inn í fjárhús. Við náðum að loka húsinu og lauk starf- inu um kl. 4 um morguninn.“

– *hj@bb.is*



Atvinna

Bókari/fjármálastjóri óskast í fullt starf hjá Ágústi og Flosa ehf. Reynsla og/ eða mennt- un á sviði bókhalds og fjármálastjórnunar skilyrði.

Nánari upplýsingar gefa Björgmundur Örn Guðmundsson, framkvæmdastjóri og Guðný Jóhannesdóttir, starfsmannastjóri í síma 456 5500.

Fáum ætti að dyljast nauðsyn þess að hafa vel skipaðar leitarhundasveitir um allt land.

Enginn vafi leikur á því að þessar sveitir skiptu sköpum í þeim náttúruhörmungum sem urðu á norðanverðum Vestfjörðum árið 1995 þegar snjóflóð féllu á Súðavík og Flateyri með skelfilegum afleiðingum. Þá sönnuðu þessi dýr gildi sitt og björguðu án efa mannlífum. Þrátt fyrir þetta segjast þeir sem standa að baki leitarhundasveitum að sumir segi það óþarfa að halda úti jafn öflugum sveitum og nú er gert. Þrátt fyrir þetta halda menn áfram og fyrir skömmu voru haldnar æfingar og úttektir á 14 hundum alls staðar að af landinu á Breiðadals- og Botnsheiðum. Blaðið ræddi við þá Jóhann Ólafson og Helga Kjartansson sem báðir eiga svokallaða A-snjóflóðaleitarhunda.



Einn þátttakenda á námskeiðinu með hund sinn.

Nauðsynlegt að hafa leitarhunda í kallfæri alls staðar á landinu

Aðrar þjóðir líta til Íslendinga

Jóhann og Helgi tóku báðir þátt í æfingunum með hundum sínum Kol og Stelpu.

„Alls vorum við með 14 hunda alls staðar að af landinu. Æfingarnar hófust á laugardag og stóðu fram á miðvikudag. Þetta eru hundar úr öllum flokkum, A, B og C. Það gekk mjög vel. Hátt í þrjátíu manns tóku þátt í æfingunum, þar á meðal þeir dómarafrá Bretlandi“, segir Jóhann.

Helgi bætir því við að Íslendingar hafi náð miklum árangri í þjálfun leitarhunda og aðrar þjóðir séu farnar að líta til Íslands hvað þetta varðar. „Þannig komu tvær finnskar stelpur á æfingarnar til þess eins að fylgjast með. Við erum orðnir það virtir hér á Íslandi að fólk er farið að sækja æfingar hingað til þess að læra.“

Ungliðarnir mikilvægir

– Væntanlega þurftu einhverjir sjálfbodaðliðar að grafa sig í fönn, í þessu tilfelli harðfenni?

„Já, við fengum ungliða úr björgunarsveitinni til að hjálpa okkur. Það er mjög mikilvægt að hafa mannskap í svona og þess vegna eru ungliðadeildirnar mjög mikilvægar þegar kemur að svona æfingum. Þá hafa menntastofnanir verið okkur liðlegar, því sumir krakkanna fengu frí úr skóla til að taka þátt í þessu með okkur.“

Auk æfinga voru prófanir og úttektir á hundum. Þeir flokkast í A, B og C. Á norðanverðum Vestfjörðum eru núna fjórir A hundar sem hægt er að kalla út eitt hvort gerist. Það er gífurlega mikilvægt að hafa góða hunda í kallfæri alls staðar á landinu“, segir Helgi.

Tekur nokkur ár að þjálfra góðan hund

Helgi og Jóhann segja mjög mikilvægt að menn sofi ekki á verðinum í þessum málum.

„Nú eru tæp 10 ár síðan mannskætt snjóflóð féll á þessu svæði, þ.e.a.s. á norðanverðum Vestfjörðum, og mér finnst oft eins og margir telji að það sé óþarfi, tíma- og peningasóun, að halda úti leitarhundasvæðum alls staðar á landinu.“

Þetta er stórhættulegur hugsanaháttur. Við megum ekki sofna á verðinum og ekki er ráð nema í tíma sé tekið. Snjóflóðið á Flateyri féll með mjög skömmum fyrirvara, ekki hafði snjóað nema í nokkra daga þegar það féll. Það tekur nefnilega oft mjög skamman tíma að safna í stórt snjóflóð, en það tekur nokkur ár að þjálfra upp góðan leitarhund“, segir Jóhann.

Vinnusemi og hlýðni

Ekki henta allir hundar til leitar og segir Helgi að hreint kyn og rándýr hundur þurfi alls ekki að þýða að hann sé hentugur til leitar.

„Oft kemur til okkar fólk með rándýra, hreinræktaða hunda sem eru handónýtir til leitar. Þó að hundurinn sé ræktaður þarf það ekki að þýða að hann hlýði eitthvað betur. Og það er algert lykilatriði að hundurinn geri nákvæmlega það sem þú segir honum, leiti á því svæði sem þú vilt að hann leiti á og skilji engan blett eftir.“

Sumir hundar eru mjög hlýðnir, en einfaldlega ekki nógu vinnusamir. Hundurinn þarf að vilja allt fyrir eiganda sinn gera, þó honum sé kalt og hann sé sárfættur.“

Verða að ná árangri af og til



Aðstaður á heiðum voru erfiðar þegar æfingarnar voru haldnar. Mikill kuldi og gífurlegt harðfenni gerði mönnum og hundum erfitt fyrir.

„Það var mjög erfitt að grafa menn niður. Þá urðu hundarnir mjög sárfættir í þessu harðfenni. Þar reynir á og flestir hundarnir stóðu sig með mikilli þrýði, héldu áfram þó farið væri að blæða úr loppunum.“

Það skiptir miklu fyrir hundinn, hvort sem það er á æfingum eða undir raunverulegum kringumstæðum, að hann nái einhverjum árangri af og til.

Hann verður að finna eitthvað með reglulegu millibili, annars er hætt á að hann fái leið á þessu því fyrir honum er þetta leikur“, segir Jóhann.

„Það gerdist til dæmis í Súðavík að hundunum var farið að leiðast þegar þeir hættu að finna fólk. Þá þurfti að taka stutta og auðveldu æfingu, grafa menn grunnt í snjó, bara svo hundarnir gætu séð einhvern árangur.“

Erfið en gefandi vinna

Helgi og Jóhann ítreka mikilvægi þess að viðhalda öflugum leitarhundasveitum.

„Það er alltaf þörf á góðum leitarhundum. Þess ber að geta að þetta er gífurlega mikil vinna fyrir hundaeigandann. Við reiknuðum út að það fara um 1.600 tímar í að þjálfra A hund. Og að sjálfsögðu fær enginn greitt fyrir þetta“, segir Helgi.

„En þetta er líka mest gefandi vinna sem ég hef staðið í. Ég hef orðið vitni að því þegar menn eru um það bil að gefast upp á grunnþjálfuninni. Þá

skilar hundurinn þeirra einhverju, finnur eitthvað, og þá fer brosið ekki af eigandanum í mánuð.“

„Það verða að vera leitarhundar um allt land. Þeir verða að vera í kallfæri við mögulega hættustaði“, segir Jóhann. „Ef 30 manns grafast undir snjóflóði, en lifa flóðið sjálft af, þá má ætla að helmingur þeirra sé látinn eftir klukkutíma og eftir tvo klukkutíma er einungis fjórðungur fólksins álífi. Þess vegna verða hundar að vera til taks alls staðar á landinu, alltaf.“

Aðstandendur ráðstefnunnar „Með höfuðið hátt“ sem haldin var á Ísafirði sl. sumar

„Ekki má dragast stundinni lengur að koma á fót sjálfstæðum háskóla“

Blaðinu hefur borist yfirlýsing frá aðstandendum ráðstefnunnar „Með höfuðið hátt“ sem haldin var á Ísafirði sl. sumar. Yfirlýsingin er til kominn vegna stofnunar Háskóla-seturs og umræðu um háskóla-mál á Vestfjörðum og er hún birt hér óstýtt:

„Í tengslum við „Með höfuðið hátt“, ráðstefnu ungs fólks um framtíð Vestfjarða, sem haldin var á Ísafirði s.l. sumar, var efnt til táknrænnar athafnar þar sem stofnun Háskóla Vestfjarða var sviðsett af leikurum Morranns, atvinnuleikhúss ungs fólks á Vestfjörðum. Þá þegar höfðu ýmsir lýst yfir vilja sínum til að sjálfstæður háskóli verði stofnaður á Vestfjörðum og forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, heiðraði athöfnina með nærveru sinni. Vitað var að meðal heimafólks var eindreginn vilji til að háskóli yrði stofnaður á Vestfjörðum og létu viðbrögðin ekki á sér standa. Aðstandendum ráðstefnunnar kom mest á óvart hversu mikinn samhljóm kallið eftir háskóla á Vestfjörðum fékk utan fjórð-

ungs. „Nú verður horft til þingmanna þessa landshluta um að taka við því merki, sem vestfirskt æskufólk hefur hafið á loft og bera það fram til sigurs“, eins og leiðarhöfundur Morgunblaðsins komst að orði af þessu tilefni.

Ekki hefur farið á milli mála að það hefur valdið vonbrigðum í fjórðungnum að starfs-hópur Menntamálaráðherra hafi ekki fengið umboð til að vinna að stofnun Háskóla Vestfjarða og að markið hafi ekki verið sett á stofnun sjálfstæðs háskóla. Aðstandendur ráðstefnunnar telja þó ástæðu til að staldra ekki of lengi við umræður um stofnun háskóla-seturs - heldur er ástæða til að einhenda sér í stofnun sjálfstæðs háskóla á Vestfjörðum. Skrattanum yrði fyrst skemmt ef þetta mál yrði til þess að áhugamenn um háskóla færu í hár saman út af aukaatriðum. Vonandi verður háskólasatrið til að efla það háskólasamfélag sem þegar er í fjórðungnum og plægja jarðveginn fyrir sjálfstæðan háskóla sem ekki má dragast stundinni lengur að koma á fót. Fjarnámsvæð-

ingunni á síðustu árum hefur fylgt mikil frjósemi og hún hefur tvímælaust styrkt samfélagið, en það er ekki að ástæðulausu að hún hefur verið orðuð við nýlendustefnu.

Í Háskóla Íslands er u.þ.b. eitt starf á hverja fimm nemendur. Ef gert er ráð fyrir að sömu lögmál gildi annars staðar þýða fimm hundruð háskólanemar á Vestfjörðum, eins og gert er ráð fyrir að verði eftir fimm ár í áætlunum Háskólasets Vestfjarða, að

eitt hundrað störf verða til með beinum hætti. Því er eftir miklu að slægjast í sjálfstæðum háskóla, ekki einungis að fjöldi háskólanema verði í fjórðungnum heldur einnig samsvarandi störf við rannsóknir, kennslu, stjórnun og rekstur. Sjálfstæður háskóli hefur líka tök á því að laða nemendur inn á svæðið og gerir Vestfirðingum kleift að taka þátt í rannsóknarsamstarfi á jafningjagrunnvelli.

Margir stjórnálamenn

hafa lýst yfir stuðningi við háskóla á Vestfjörðum á síðustu dögum og hlýtur að teljast til stórtíðinda í málinu að Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra gekk til liðs við baráttu Vestfirðinga nú fyrir skömmu. Þegar stuðningsyfirlýsingar berast úr öllum landshlutum hlýtur það að vera skylda allra Vestfirðinga að snúa bókum saman og vinna að því sem einn maður að Háskóli Vestfjarða verði stofnaður - ekki seinna en innan þriggja ára. Mikilvægt

er að hafa í huga að árangur í málinu verður ekki mældur í orðum og yfirlýsingum, í fyrirheitum og lofordum. Árangurinn verður einungis mældur í fjárframlögum, stöðugildum, fjölda nemenda og rannsóknarafköstum.

Undir yfirlýsinguna rita Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Kristinn Hermannsson, Sunna Hermannsdóttir, Þorlákur Ragnarsson og Þorsteinn Mátsson.

— halfdan@bb.is



Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar.

Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar

Opnar smurstöð

Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar opnaði nýverið smurstöð þar sem í boði eru olíuvörur frá Olís. Hefur þá samkeppni í þeim hluta olíuviðnæðarins aukist á Ísafirði en fyrir er smurstöð þar sem í boði eru olíuvörur frá Esso. Guðmundur Einarsson framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir smurstöðina setta upp til þess að breikka rekstrargrunn fyrirtækisins.

„Við bjóðum viðskiptavinum alhliða hjólbarðaviðgerðir

og við höfum einnig verið að þreifa okkur áfram í þústþjónustu auk ýmissa viðgerða og nú höfum við bætt smurþjónustunni við. Okkar stefna er að veita skjóta og góða þjónustu þannig að hér geti fólk komið án þess að þurfa að panta tíma með löngum fyrirvara. Fólk skilur bílana hér eftir um leið og það heldur til vinnu sinnar og bíllinn er tilbúinn þegar halda skal heim að vinnu lokinni“ segir Guðmundur.

— hj@bb.is

Grafískur hönnuður

Prentsmiður

Óskum eftir að ráða grafískan hönnuð eða prentsmið. Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á helstu umbrots- og myndvinnsluforritum s.s. Corel Draw, Freehand, Illustrator, Photoshop, Page Maker, Quark og InDesign. Einnig er æskilegt að viðkomandi hafi þekkingu á vefhönnun og umsýslu netkerfa s.s. .net og Windows.

Starfssvið: Grafísk hönnun, umbrot, vefumsjón (www.bb.is), umsýslu með ljósmyndasafni og gagnageymslu.

Viðkomandi þarf að hafa fágæða framkomu, lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund og geta hafið störf eigi síðar en í maí eða júní.

Umsóknir sendist til H-prent ehf., Sölgötu 9, 400 Ísafirði eða á netfangið bb@bb.is. Allar nánari upplýsingar gefur Sigurjón J. Sigurðsson í síma 456 4560

H-PRENT ehf.

Jarðgöng eru fram

– viðtal við Jón Baldvin Jóhannesson, hinn hárprúða bormann frá Tröll

Þeir voru kallaðir bormenn Íslands, með skemmtilegum útúrtnúningi úr kvæði Guðmundar skólaskálds sem eitt sinn bjó á Ísafirði. Þeir komu hingað víða að til þess að bora í fjöllin. Láta langþráðan draum Vestfirðinga rætast. Draum um að rjúfa einangrun og stytta leiðir milli staða. Gera samfélögin sterkari. Þar sem landinn hafði tapað niður verkþekkingunni sem skapaðist þegar göngin til Ólafsfjarðar voru boruð komu hingað líka erlendir sérfræðingar. Þeir hurfu þó með tímanum aftur til síns heima, því að það einvalalið Íslendinga, sem vann við gerð ganganna, var fljótt að tileinka sér þá tækni sem til þurfti.

Þeir voru margir sem hingað komu til þess að bora. Ekki voru þeir allir jafn eftirminnilegir, eins og gengur. Ekki er á neinn hallað þegar fullyrt er að einna mesta athygli hafi vakið maður nokkur með sítt hár og skegg. Hár hans síkkaði er leið á framkvæmdirnar og hann var orðinn mjög vígalegur undir það síðasta. Í hugum flestra var hann orðinn holdgervingur þeirra manna, sem unnu það mikla verk að bora á milli fjarða við aðstæður, sem oftast voru mjög erfiðar. Mun erfiðari en menn vildu vera láta meðan á verkinu stóð.

Í síðustu viku voru tíu ár liðin frá þeirri áhrifamiklu stund þegar síðasta haftið var sprengt í Vestfjarðagöngunum. Af því tilefni þótti rétt að setjast niður með manninum síðhærða sem festi kyrfilega rætur hér vestra. Jón Baldvin Jóhannesson er í dag starfsmaður Vegagerðarinnar og vekur ennþá verðskuldaða athygli samferðamanna sinna. Hann féllst á að spjalla um vinnu sína og félaga sinna í göngunum.

– Hvaðan kom þessi síðhærði víkingur?

„Ég kom hingað frá Þorlákshöfn en tel mig Tröllaskagmann. Þegar ég kom hingað hafði ég unnið um nokkurra ára skeið í Meitlinum í Þorlákshöfn en á áttunda áratug síðustu aldar vann ég við gerð hafnarmannvirkjana í Þorlákshöfn. Það var mikið verk og nýstárlegt á margan hátt. Þar var búin til örugg höfn í þeirri hafnleysu sem þar var. Varnargarðarnir voru hlaðnir úr steypuklumpum sem kallast doloxar. Þeim var hlaðið með krana og ég vann við það meðal annars. Ég hafði einnig unnið mjög lengi á jarðviti þannig að ég þekkti nokkuð til í heimi verktakanna.

Að ég kom vestur var eiginlega tilviljun. Það var árið 1993 að ég hitti gamlan kunningja hjá Ístaki og við tókum spjall. Hann var þá að vinna hér vestra og ég var forvitinn að heyra hvernig þetta verk gengi fyrir sig því þetta var eitthvað nýtt. Ég hef nefnilega alltaf verið forvitinn fyrir nýjum og miklum verkum. Hann nefndi þá við mig hvort ég hefði áhuga á að koma vestur og vinna. Ég taldi það ekki óhugsandi. Ég velti því síðan ekki meira fyrir mér. Einn daginn, skömmu síðar, fékk ég síðan símhringingu frá öðrum kunningja mínum hjá Ístaki sem hafði frétt af áhuga mínum. Hann spurði hvort ég gæti ekki pantað flugvél vestur í

fyrirramálið því hann vantaði mann. Ég var nú á fullu í vinnu hjá Meitlinum en hann sagði að ég yrði að hrökkva eða stökkva. Ég fékk frí í Meitlinum í nokkra daga því ég ætlaði að sjá til hvernig mér líkaði veran vestra. Hér er ég hins vegar ennþá.“

Verkið gekk vel í fyrstu

– Verkið hefur þá verið komið eitthvað áleiðis þegar þú hófst störf?

„Já, þeir byrjuðu 1991 en ég kom vestur 1993. Þá voru þeir búnir með Tungudalinn og gatnamótin og voru komnir um 600 metra niður í Breiðadalinn og svipað niður í Súg-



Borvagninn að störfum og skyggni óvenju gott í kringum hann.

andafjörðinn. Þá var verkið unnið þannig að það var sprengt til skiptis í hvorum legg, það er að segja, að á meðan keyrt var út efni í öðrum legnum var sprengt í hinum. Þannig átti að vinna verkið til enda.“

– Verkið hafði gengið í heild mjög vel þessi fyrstu ár, ekki satt?

„Jú, það má segja það. Það sést þó þegar keyrt er inn Tungudalinn, að sjá má á stöku stað þar sem hrúnið hefur meira en ætlað var. Jarðlögin voru frekar laus þannig að það hrundi misjafnlega mikið. Þess vegna eru göngin svona misjöfn í lögun.“

– Voru ekki viðbrigði að fara að vinna svona inni í fjalli?

„Jú, það voru mikil viðunnið þannig að það var fagmannlega tekið á móti nýjum starfsmönnum. Þegar ég kom var farið með mig í ferð á alla staði og mér kynnt hvernig verkið gengi fyrir sig. Kynningin var mjög góð því það gengur enginn þarna inn án kynningar. Störfin eru þess eðlis að samvinna verður að vera mikil og náin á milli manna til þess að vel gangi.“

– Við hvað starfaðirðu í upphafi?

„Ég var í upphafi á vörubíl og keyrði efni út úr göngunum. Þegar vaktakerfinu var breytt í kjölfar þess að fossinn braust fram fór ég að vinna á borvagninum.“

– Voru ekki erlendir sérfræðingar við störf í göngunum í byrjun?

„Jú, í upphafi voru þarna sænskir og norskir sérfræðingar og einnig voru almennir starfsmenn frá þeim löndum. Þegar ég kom hafði þeim hins vegar fækkað nokkuð því heimamenn voru fljótir að tileinka sér störfin. Í almennu störfunum var það vinnan við borvagninn sem var vandasöm.“

Táknmálið í göngunum

– Nú hljóta samskipti að hafa verið erfið á milli manna við þessi störf. Hávaði mikill, myrkur og ryk. Gátu menn yfirleitt haft einhver samskipti?

„Þau voru ekki mikil í orðum því menn heyrðu ekkert. Því voru samskiptin eingöngu

með bendingum og augnaráði. Þarna var því notað merkjamál sem menn urðu að læra og treysta.“

– Nýir starfsmenn hafa því þurft að læra nýtt tungumál þegar þeir byrjuðu?

„Já, það má orða það þannig. Þetta voru nú mjög venjubundin störf þannig að það lærðist tiltölulega fljótt.“

– Var þetta þá ekki leiðgjörn vinna?

„Nei, alls ekki. Ég kunni mjög vel við mig. Þetta var oft mjög erfið og miklar tarnir en ég kunni vel við það.“

– Nú þurftuð þið að bíða af ykkur reyking eftir sprengingar?

„Já, þegar búinð var að sprengja fórum við í kaffistofuna á gatnamótunum, sem við kölluðum Hard Rock, og fengum okkur kaffi. Þar biðum við eftir því að reykurinn liðaðist út úr göngunum. Við horfðum á hann koma og þegar hann var farinn framhjá var farið inn að sprengjustaðnum og hafist handa við að koma efninu út. Stundum vorum við það fljótir í förum að við sem á blunum vorum náðum reyknum á leiðinni út og þá var stundum blint að keyra. Þá var gott að halda stefnunni eftir lofthólkunum í lofti ganganna. Þess vegna var nauðsynlegt að menn héldu alltaf álfíka hraða, þannig að menn mættust sem næst á sama stað. Það var samvinna manna og gagnkvæmur skilningur sem gildi.“

Fossinn kemur í ljós

– Nú vakti það mikla athygli



Félagarnir á borvagninum orðnir mjög hárprúðir. Dagbjartur Sveinsson, Friðfinnur Eliasson, Jón Baldvin og Ingólfur Jónsson.

tíðin

askaga

Þegar fossinn kom í ljós í göngunum og vakti nokkurn óhug. Ég man að menn veltu fyrir sér hvort hægt yrði að halda áfram og töluðu um að þetta væri mikið áfall. Áttu menn von á því að eitthvað þessu líkt gæti gerst?

„Nei, ég get fullyrt að það átti enginn von á neinu svona. Hins vegar höfðu menn orðið varir við mismikið vatnsstreymi. Dagana fyrir þennan atburð jókst vatnsþrýstingur við borunina. Þennan dag var þrýstingurinn orðinn það mikill að ekki var hægt að setja sprengiefni í allar holurnar, því það spýttist jafnóðum út. Í sprengingu kom síðan fossinn í ljós. Þegar henni var lokið fórum við á kaffistofuna eins og við vorum vanir. Þegar við síðan ætluðum að fara að keyra efniinu út sáum við fljótt að óvenjumikið vatn rann og það hækkaði eftir því sem innar í göngin var komið. Þeir sem fyrstir urðu að haugnum sneru strax til baka með þær fréttir að það streymdi mikið vatn úr öllum haugnum. Við nánari athugun sást að þarna var heill foss. Við fórum því strax í það að koma öllum tækjum út úr göngunum og grófum skurði til þess að verja húsin, sem stóðu fyrir utan göngin.“

– Nú var mönnum mjög brugðið við þennan atburð og sú hugsun læddist að ýmsum hvort nú væri verkið að fara út um þúfur.

„Já, þetta kom mjög á óvart og mönnum brá mikið, því er ekki að neita. Yfirmönnum okkar brá rosalega því þeir sáu strax að í það minnsta myndi þetta tefja verkið mjög og einnig þurftu menn að leysa það mál að koma þessum 2.000 sekúndulítrum út úr göngunum, en það var vatnsrennslíð í upphafi. Nú er rennslíð hins vegar um 500 lítrar. Það má nú segja okkar vísindamönnum það til hróss, að þeir spáðu því fljótlega að rennslíð yrði á milli 5-600 lítrar þegar jafnvægi yrði náð.“

Fossinn beislaður

– Til hvaða ráðs var gripið þegar þetta gerðist?

„Við vorum á leiðinni í helgarfrí þegar þetta gerðist og héldum því striki. Þegar við komum til baka úr fríinu hafði verið tekin sú ákvörðun að hefja vinnu við göngin frá Botnsdal og úr Önundarfirði. Það hafði átt að gera um sumarið þannig að við byrjuðum þar því nokkru fyrir en

áætlað hafði verið. Við urðum að moka töluverðan snjó til þess að komast að.“

– Mönnum tókst síðan að hemja fossinn?

„Já, það var farin sú leið að breikka göngin frá gatnamótum og að fossinum til þess að hægt yrði að veita vatninu út og koma tækjum einnig um göngin. Í framhaldinu var steypit í kringum fossinn. Því verki var lokið um haustið þegar við hættum í Breiðadalnum og Botnsdalnum.“

– Voru menn ekki smeykir að hefja aftur sprengingar við fossinn? Voru menn ekki hræddir um að eitthvað meira kæmi í ljós?


„Ég held það nú ekki. Hins vegar breyttust vinnubrögðin á þann veg að við boruðum 12 metra fram fyrir okkur og ef vatnsmagnið fór yfir ákveðin mörk, þá var dælt inn í bergið steypu til þess að þétta.“

– Nú á leikmaður erfitt með að skilja hvornig það getur virkað til styrkingar að sprauta steypu inni í borholur sem vatn streymir úr.

„Já, það er satt. Það var stundum furðulegt að sprauta steypu inn í holu og sjá hana síðan leka út fyrir aftan okkur. Svona gátu berggangarnir verið misjafnir.“

– Nú var búið að gera töluverðar jarðfræðirannsóknir áður en framkvæmdirnar hófust. Fannst ykkur raunveruleikinn í samræmi við þær rannsóknir?

„Ekki varð maður var við annað. Menn vissu sem var, að bergið okkar er mjög ungt og var því á köflum mjög laust í sér. Stundum var þetta nánast sér mól. Þess vegna eru göngin svona óslétt. Í göngum sem



gerð eru í eldra bergi eru þau nánast slétt á að líta. Auk steypunnar voru einnig notaðir bergboltar sem voru 3-4 metrar að lengd. Stundum voru sett allt að 15 stykki í hverri fær. Þeir voru holir að innan og síðan var steypit í þá. Það voru því ýmsar aðferðir notaðar til þess að styrkja göngin.“

Ekki staður fyrir fylupoka

– Þetta hefur verið mjög skrifinn vinnustaður? „Já, þetta var ekki ósvipað og að vera á sjó. Þetta var töluverð vosbúð þegar vatnsrennslíð var sem mest. Menn þurftu að vinna mjög náð sam- an og treysta mjög hver á ann- an. Það gat líka verið mjög krefjandi að vera þarna í myrkrunu.“

– Fylupokar hafa því ekki þrífist lengi í vinnu þarna? „Nei, til þess að halda svona vinnu út þarftu að vera með ákveðna skapgerð.“

– En nú hlýtur að hafa verið notalegt yfir háveturinn að fara inn í hlýjuna og lognið?

„Já, það var algjör lúxus. Þegar hávetur var þurftu þeir sem keyrðu efninu út að koma annað slagið út í veturinn en sem betur fer voru menn ekki nema innan við tvo tíma að keyra efninu út eftir hverja sprengingu.“

– Nú var mikil eftirvænting hér á svæðinu þegar vinna við göngin stóð yfir. Urðuð þið varir við þessar væntingar? „Já, heldur betur. Þegar maður fór að kynnst fólki hér, þá fór það að spyrja hvernig gengi. Það vildu allir vita hvernig verkinu miðaði, sem skiljanlegt var. Það fór líka ekki á milli mála að eftirvænt- ingin var mun meiri hjá þeim sem bjuggu fyrir vestan göng. Þar íðaði fólk beinlínis í skinn- inu. Fólk sýndi störfum okkar líka mikinn skilning, sem best kom í ljós þegar umferð var leyfð um göngin á meðan á vinnu í þeim stóð. Þá gekk mjög vel að kenna fólki að haga ferðum sínum þannig að sem minnst truflun yrði á okk- ar störfum. Það var mjög ánægjulegt.“


Tröllaskagamað-urinn er hér enn

– Nú öll verk taka enda og þannig var það með jarðganga- gerðina. Þorlákshafnarbúinn er hins vegar hér vestra ennþá áratug síðar. „Já, þannig er það nú. Ég var svo heppinn að kynnst hér minni ágætu konu, Ásdísi Guðmundsdóttur. Það er nú skemmtileg saga í kringum það þegar ég var farinn að velta því fyrir mér hvort ég ætti að fá mér vinnu hér eftir að vinnu við gangagerðina lyki. Eina nóttina þegar ég var að vinna við steypustöðina hugsaði ég með mér, að ef ég hitti Björn Harðarson verk- fræðing fyrstan manna þegar ég færi inn í göngin um morg- uninn, þá skyldi ég spyrja hann um möguleika á vinnu hjá Vegagerðinni hér vestra. Það voru nú hins vegar ekki miklir möguleikar á því að ég myndi hitti Björn fyrstan manna. Það gerist nú samt sem áður. Ég varð auðvitað hvumsa en ákvað að nefna þetta við hann. Hann sagðist nú ekki geta svarað því endanlega en það gæti vel komið til greina.“

Þegar þetta gerðist var ekki búið að ákveða endanlega gerð Hvalfjarðarganganna. Hefði verið búið að ákveða þá fram- kvæmd er líklegt að ég hefði farið þangað til vinnu. En vinn- una hjá Vegagerðinni fékk ég og hér er ég ennþá. Áhugi minn á vinnu hér var nú reyndar að töluverðu leyti tengdur því að ég hafði þá kynnst Dísu.“

Hárprúðir sveinar

– Nú vakti hárprúði þín mikla athygli á þessum tíma. Hafðirðu verið svona hárprúð- ur lengi eða kom þetta til við gangavinnuna? „Þetta síða hár kom nú til í samræðum okkar fjögurra sem unnum saman á borvagninum. Einhverju sinni vorum við í kaffi og vorum að gantast. Þá nefnir einhver að réttast væri að safna hári og skeggi þar til síðasta haftið yfir í Breiðadal yrði sprengt. Þá voru rúmír



Jón Baldvin í gangamunnum, tíu árum eftir að síðasta haftið var sprengt.

fjórir mánuðir til stefnu. Á augabragði var þetta ákveðið og við vorum orðnir andskoti flottir á endanum. Áður en yfir lauk vorum við orðnir mjög áberandi og vorum orðnir nokkurs konar tákn fyrir þá mörgu sem unnu þarna.“

– Á hátíðinni sem var haldin á Núpi eftir að síðasta haftið var sprengt varst þú kallaður upp og færð gjöf. „Já, ég var fenginn til þess að taka við þessu fyrir hönd samstarfsmanna minna. Við félagarnir höfðum að vísu ákveðið að láta klippa okkur og raka áður en við færum á Núp og Dagblaðið ætlaði að taka mynd af þeim atburði. Áður en til þess kom var ég beðinn að fresta hárskurði þar til eftir veisluna á Núpi. Þess vegna var ég svona vígalegur þar.“

– Nú eru tíu ár liðin frá þessum atburði og nú að und- anförnu hefur verið mikil umræða um jarðgöng hér vestra. Á sú umræða ekki rétt

á sér? „Jú, þau eru framtíðin. Tækninni fleygir fram og verð- ur hagkvæmari. Þessir stóru borar sem eru að störfum við Kárahnjúka eru kannski ekki hagkvæmir í þessum stuttu göngum sem hér þarf að gera. Afköst hafa hins vegar aukist mjög með þeim aðferðum sem við notuðum hér vestra. Frek- ari jarðgangagerð hlýtur því að verða niðurstaðan hér um slóðir og víðar.“

– Þú sérð því ekki eftir því að hafa tekið þér snögg og stutt frí í Meitlinum forðum? „Nei, aldeilis ekki. Þetta var mjög skemmtileg en um leið krefjandi vinna sem skilaði góðum árangri. Atvikin hög- uðu því þannig að hér er ég ennþá og líkar það vel.“

— — —

Þegar Vestfjarðagöngin voru vígð 1996 var í höfn eitt stærsta hagsmunamál íbúa á norðanverðum Vestfjörðum. Baráttan fyrir gerð þeirra stóð árum saman. Allan tímann

stóðu menn saman um eitt markmið: Gerð jarðganga milli Skutulsfjarðar, Súganda- fjarðar og Önuðarfjarðar. Af þeirri kröfu var aldrei slegið þrátt fyrir ýmis tilmæli í þá átt. Menn vissu í þá daga, að til þess að ná raunverulegum framförum þarf að stíga stór skref. Það duga engin óljós milliskref. Þrátt fyrir að flestir hefðu viljað fá göngin miklu fyrr er ljóst að þau hafa skipt sköpum í byggð á norðanverð- um Vestfjörðum. Þau gerðu sveitarfélögum kleift að sam- einast og koma þannig í veg fyrir hrun byggðar.

Gerð Vestfjarðaganga er dæmi um það hverju hægt er að áorka ef markmiðin eru skýr og sjónir manna hverfa aldrei af lokatakmarkinu. Um tíma var rætt að byrja aðeins á göng- um til Önuðarfjarðar þar sem byggð stæði svo höllum fæti í Súgandafirði. Sem betur fer sáu menn í gegnum þann skollaleik. Hefði sú orðið nið- urstaðan væru ekki göng í Súg-

andafjörð í dag. Sögu aðdrag- anda jarðgangagerðarinnar þarf að skrá og einnig sögu framkvæmdanna. Þá mun koma fram hversu tæpt gerð þeirra stóð í raun á endasprett- inum. Hefði Steingrímur J. Sigfússon þáverandi sam- gönguráðherra ekki flýtt fram- kvæmdinni má leiða að því líkur að ennþá væru menn að keyra yfir Breiðadalshéið og Botnsheiði.

Nú þegar áratugur er frá sprengingu síðasta haftsins niður í Önuðarfjörðinn liggja engin endanleg áform fyrir um það hver verða næstu skref í tengingu byggðarlaga á Vest- fjörðum með jarðgöngum. Að- eins óljós loforð um gerð ganga úr Dýrafirði í Arnar- fjörð. Slík milliskref leysa engan vanda. Nú er kominn tími til raunhæfra framkvæm- da sem valda straumhvörfum eins og störf Jóns Baldvins Jóhannessonar og félaga ollu á sínum tíma í Vestfjarðagöng- um. — Halldór Jónsson.



Frá þeirri ógleymanlegri gleðistund þegar síðasta haftið var sprengt í Vestfjarðagöngunum. Gleðin leyndir sér ekki í andlitum viðstaddra.



Á þessari mynd má glögg sjá hversu erfitt umhverfi bormannanna gat verið, enda bæði dimmt, blautt og rykugt á vinnusvæðinu.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða í samstarfi við hóp áhugamanna

Reynt að koma saman námshópi fyrir fjarnám í viðskiptafræði

Fræðslumiðstöð Vestfjarða í samstarfi við áhugahóp vinnur að því að koma saman námshópi í fjarnámi í rekstrar- og viðskiptafræði á Ísafirði frá Háskólanum á Akureyri í haust. Að minnsta kosti 10 þurfa að taka þátt til að unnt sé að hefja námið. Háskólinn á

Akureyri býður upp á 90 eininga fjarnám til B.Sc. gráðu í rekstrar- og viðskiptafræði á fjórum brautum. Námið er skipulagt sem fjögurra ára nám eða um 12 einingar á önn. Gert er ráð fyrir að nemendur geti stundað vinnu með náminu og er hægt

að dreifa því á lengri tíma. Nemendur geta stjórnað náms- hraða sínum sjálfir enda eru skilyrði um framvindu og námshraða rúm. Ekki er ljóst hvenær umsóknarfrestur fyrir þetta nám rennur út hjá Háskólanum á Akureyri en nauð- kynlegt er engu að síður að

þeir sem hafa áhuga hafi sam- band sem fyrst. Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við Fræðslu- miðstöð Vestfjarða í síma 456 5025 eða á netfangið frfst@ frfst.is, Karl Jónsson í síma 860 7446 eða Guðnýju Jó- hannesdóttur í síma 898 4439.



Kviknaði í hillu út frá kerti

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar var kallað út að húsi í Fjarðarstræti á Ísafirði á miðvikudag í síðustu viku. Húsið er einungis í nokkurra tuga metra fjarlægð frá slökkvistöðinni á Ísafirði. Kviknað hafði í hillu út frá kerti í einu herbergi hússins. Var nokkuð mikill reykur innan dyra þegar slökkviliðsmenn komu að og þurftu þeir að reykraesta húsið. Þurfti að brjóta rúðu með exi við hurð hússins til að mennirnir kæmust inn. Þegar inn var komið gekk vel að slökkva eldinn, enda var hann minniháttar. Ljóst er að tjón af völdum elds er lítið, en eitthvað tjón mun hafa orðið vegna reyks.

Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar

Vissi ekki af bréfi um tekju- tengingu heimaþjónustu

Félagsmálanefnd Ísafjarðar- bæjar vissi ekki af bréfi því sem forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu sendi þeim er njóta heimaþjónustu Ísafjarðarbæjar. Nefndin hefur óskað eftir því að fá að sjá afrit af bréfinu og hefur kallað á bæjarstjóra og forstöðumann Skóla- og fjölskylduskrifstofu til fundar við nefndina um málið. Samkvæmt stjórnskipulagi bæjarins er hlutverk nefndarinnar að vera bæjarstjórn til ráðgjafar m.a. í málefnum heimaþjónustunnar. Eins og kom fram í frétt blaðsins fyrir skömmu sendi Skúli S. Ólafsson, forstöðu- maður Skóla- og fjölskyldu- skrifstofu bréf til þeirra ein- staklinga er njóta heimaþjónu- stu í Ísafjarðarbæ. Í bréfinu er tilkynnt að í undirbúningi sé að tekjutengja þau gjöld er greidd eru fyrir þjónustu þessa. Jafnframt var óskað upplýs- inga úr skattframtölum við-

komandi „til upplýsinga sem svo verða lagðar til grundvall- ar mati á kostnaði vegna þjón- ustunnar“, eins og segir orðrétt í bréfinu. Bréfið vakti hörð viðbrögð Jóns Fanndals Þórðarsonar formaður Félags aldraðra í Ísa- fjarðarbæ sem sagði m.a. í við- tali við blaðið: „Ég held að fjárhagsvandi sveitarfélagsins verði ekki leystur með því að leggja meiri álögur á 95 ára gamla konu sem dvelur heima hjá sér og fær heimilishjálpi í 30 mínútur á viku. Ég held að aðrir póstar séu nærtækari.“ Á fundi félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar fyrir stuttu var fjallað um áður nefnt bréf. Í bókun nefndarinnar kemur fram að henni hafi ekki verið kunnugt um „að bréf þetta yrði sent út“ og óskaði nefndin eftir afriti af bréfinu. Jafnframt ósk- aði nefndin eftir því að bæjar- stjóri og forstöðumaður skóla- og fjölskylduskrifstofu mæti



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

á næsta fund nefndarinnar til viðræðna um málið. Í erindisbréfi félagsmála- nefndar segir m.a. að hlutverk hennar sé að vera bæjarstjórn til ráðgjafar hvað varðar fé- lagsleg málefni eins og félags- lega heimaþjónustu. Einnig er hennar hlutverk að gera tillögu til bæjarstjórnar um markmið í félagsþjónustunni og vinna tillögur að reglum um nánari útfærslu á einstökum þáttum

félagsþjónustunnar. Einnig á nefndin að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í þessum mála- flokki nái fram að ganga. Þá segir að nefndin eigi „að starfa með félagsþjónustusviði að þeim málum sem undir nefnd- ina heyra“ og „að gera tillögu um úrbætur á þeirri starfsemi sem undir nefndina heyrir“, eins og segir orðrétt í erindis- bréfi nefndarinnar. –hj@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

SKJALASTJÓRI

Laus er staða skjalastjóra Ísafjarðar- bæjar. Um er að ræða 50% stöðu með hugsanlegri aukningu innan tíðar. Menntakröfur eru bókasafns- og upp- lýsingafræði eða hliðstæð háskóla- menntun. Áhersla er lögð á góða tölvukunnáttu og reynsla í skjalavistun er æskileg. Frekari upplýsingar gefur skjalastjóri Ísafjarðarbæjar í síma 450 8000 alla virka daga á milli kl. 09:00 og 12:00. Umsóknarfrestur er til 10. apríl nk. Bæjarritari Ísafjarðarbæjar.

SÓLBORG: STÖÐUR DEILDARSTJÓRA

Leikskólinn Sólborg auglýsir lausar stöður deildarstjóra við leikskólann. Sólborg er fjögurra deilda skóli sem vinnur eftir aðalnámskrá leikskóla og er með börn á aldrinum eins til sex ára. Leikskólinn er með einkunnar- orðin „virðing-gleði-sköpun“ og hef- ur þau að leiðarljósi í öllu starfi. Nánari upplýsingar veitir Sonja Elín Thompson, leikskólastjóri í síma 456 3185, netfang: solborg@isafjordur.is Umsóknarfrestur er til 30. mars. Leikskólastjóri Sólborgar.

Samkaup úrval

Verslunarstjóri Samkaup Ísafirði

Samkaup hf. óskar eftir að ráða verslunar- stjóra í verslun sína á Ísafirði. Starfið er laust frá 1. júní næstkomandi.

Starfssvið:

- ábyrgð á rekstri verslunarinnar
- dagleg stjórnun
- starfsmannahald
- samskipti við viðskiptavinum
- öll tilfallandi störf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- góð almenn grunnmenntun og reynsla af verslunarstörfum
- reynsla af stjórnun og rekstri
- góðir skipulagshæfileikar
- reynsla í starfsmannahaldi
- rík þjónustulund

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi, samstarfsfúsum og sjálfstæðum.

Umsóknarfrestur er til 8. apríl 2005. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda umsóknir til Skúla Skúlasonar, starfsmannastjóra Samkaupa hf. Hafnargötu 62, 230 Keflavík. Frekari upplýsingar veitir Skúli í síma 421 5400.

Bryndís Friðgeirsdóttir bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Ísafjarðarbæ

Líkir umræðunni um háskóla-setur við nýju fötin keisarans

Bryndís Friðgeirsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Ísafjarðarbæ segir ekki hægt að koma auga á eina einustu setningu í stofnskrá Háskóla Vestfjarða sem bendi til þess að stefnt skuli að stofnun sjálfstæðs háskóla á Vestfjörðum. Bæjarfulltrúinn telur einnig að í það stefni að þörf verði á saklausu barni til þess að segja fólki allt um nýju fót keisarans í háskólamálinu. Meirihluti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar fagnar hins vegar stofnun háskóla setursins og telur að það hafi alla möguleika á því að verða sjálfstæður háskóli þegar verkefnum og nemendum fjölgar. Háskóla setri Vestfjarða er óskað allra heilla með von um fjölgun nemenda og rannsóknarverkefna á næstu árum, sem leiði til þess að Háskóla setur Vestfjarða verði sjálfstæður háskóli.

Að þessari bókun stóðu auk Halldórs þau Birna Lárusdóttir, Björgmundur Örn Guðmundsson, Svanlaug Guðnadóttir, Ragnheiður Hákonardóttir, Ingi Þór Ágústsson, Magnús Reynir Guðmundsson og Lárus G. Valdimarsson.

Bryndís lagði fram svohljóðandi bókun: „Stofnun háskóla seturs er jákvætt skref í þá átt að skapa grundvöll fyrir háskólanema í framhalds- og

stofnun Háskóla seturs Vestfjarða. Tillögur um starfsemi Háskóla seturs og framtíðarsýn gera ráð fyrir öflugri sjálfs-eignarstofnun með margþætt hlutverk, sem munu hafa alla möguleika til að verða sjálfstæður háskóli þegar verkefnum og nemendum fjölgar. Háskóla setri Vestfjarða er óskað allra heilla með von um fjölgun nemenda og rannsóknarverkefna á næstu árum, sem leiði til þess að Háskóla setur Vestfjarða verði sjálfstæður háskóli.“

Að þessari bókun stóðu auk Halldórs þau Birna Lárusdóttir, Björgmundur Örn Guðmundsson, Svanlaug Guðnadóttir, Ragnheiður Hákonardóttir, Ingi Þór Ágústsson, Magnús Reynir Guðmundsson og Lárus G. Valdimarsson.

Bryndís lagði fram svohljóðandi bókun: „Stofnun háskóla seturs er jákvætt skref í þá átt að skapa grundvöll fyrir háskólanema í framhalds- og



Bryndís Friðgeirsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Ísafjarðarbæ. doktorsnámi til að stunda rannsóknir í tengslum við vísindastofnanir á svæðinu og auka þjónustu við nemendur á Vestfjörðum sem stunda fjar-nám á háskólastigi, en það eru nú um 200 manns sem stunda slíkt nám með stuðningi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Mikil umræða hefur átt sér



Háskóla setur Vestfjarða verður til húsa í Vestrahúsinu á Ísafirði. stað um stofnun sjálfstæðs háskóla á Vestfjörðum og þingmenn farið mikinn í málinu undanfarin misseri. Þá hafa sveitarstjórnarmenn sótt málið fram af krafti og samstöðu þó stundum vildu allir Lilju kveðið hafa. Nú virðist klofningur kominn upp meðal manna eins og oft vill verða þegar aukaatriðin verða að aðalatriðum og málinu snúið á haus. Þeir sem bera höfuðið hátt og mótmæla þeirri ákvörðun menntamálaráðherra að ekki skuli stofnaður sjálfstæður háskóli á Vestfjörðum eru nú allt í einu orðnir andstæðingar þeirra sem fagna stofnun háskóla seturs.

Ef umræðan heldur svona áfram þá munum við að lokum þurfa á saklausu barni að halda sem segir okkur allt um nýju fötin keisarans. Í skipulagsskrá háskóla seturs kemur ekkert fram um að stefnt skuli að stofnun sjálfstæðs háskóla enda hafði nefnd sú sem undirbjó stofnun setursins ekkert umboð til að setja fram slík markmið. Ráðherra menntamála hefur einnig kveðið skírt á um það á Alþingi að ekki stæði til að stofna sjálfstæðan háskóla á Vestfjörðum. Ekki er hægt að koma auga á eina einustu setningu í stofnskrá háskóla seturs sem hljóðaði eitt hvað á þá leið að; “stefnt skuli

ingur kominn upp meðal manna eins og oft vill verða þegar aukaatriðin verða að aðalatriðum og málinu snúið á haus. Þeir sem bera höfuðið hátt og mótmæla þeirri ákvörðun menntamálaráðherra að ekki skuli stofnaður sjálfstæður háskóli á Vestfjörðum eru nú allt í einu orðnir andstæðingar þeirra sem fagna stofnun háskóla seturs.

Ef umræðan heldur svona áfram þá munum við að lokum þurfa á saklausu barni að halda sem segir okkur allt um nýju fötin keisarans. Í skipulagsskrá háskóla seturs kemur ekkert fram um að stefnt skuli að stofnun sjálfstæðs háskóla enda hafði nefnd sú sem undirbjó stofnun setursins ekkert umboð til að setja fram slík markmið. Ráðherra menntamála hefur einnig kveðið skírt á um það á Alþingi að ekki stæði til að stofna sjálfstæðan háskóla á Vestfjörðum. Ekki er hægt að koma auga á eina einustu setningu í stofnskrá háskóla seturs sem hljóðaði eitt hvað á þá leið að; “stefnt skuli

að stofnun sjálfstæðs háskóla”. Þess í stað er orðræðan ein látin duga og talað um að setrið útiloki ekki stofnun háskóla í framtíðinni.

Umræðan um háskóla á Vestfjörðum minnir helst á það fjaðrafok sem á sér stað þegar hungurlúsum á borð við línuvötnun eða byggðakvóta er fleygt niður til fólksins til að skapa úlfúð svo menn missi örugglega sjónar á aðalatriðum málsins sem í þessu tilfelli er uppbygging öflugs byggðakjarna á Vestfjörðum með atvinnusköpun sem jafnaðist á við stóriðju. Ef menn telja að nýstofnað háskóla setur sé hið fyrsta skref sem stigið er í átt til stofnunar sjálfstæðs háskóla þá skal á það bent að meginmarkmiðið er hvergi sjáanlegt, hvað þá mælanlegt og leiðir að þessu hugsanlega markmiði eru óskilgreindar. Þeir þingmenn og aðrir þeir sem enn bera höfuðið hátt í þessu máli eru hvattir til að halda baráttunni áfram þó nokkrir félagar þeirra hafi helst orð lestinni.“

— hj@bb.is

Umsókn Leiðar ehf. um styrk til ómannaðrar innheimtu veggjalda

Hafnað af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar hefur hafnað umsókn Leiðar ehf. um styrk til undirbúnings ómannaðrar innheimtu veggjalda. Leið ehf. sótti um styrk í febrúar að fjárhæð kr. 900.000 til þess að vinna að undirbúningsi og þróun búnaðar fyrir ómannaða gjalddóku af öku-

tækjum. Er þetta í annað sinn sem sótt er um styrk til þessa verkefnis, en einnig var sótt um á liðnu ári.

Svar barst frá Vegagerðinni þess efnis að úthlutun styrkja til verkefna ársins 2005 væri lokið og að umsóknir um tilraunafé voru margar og sótt var um mun meira fjármagn

en það sem er til ráðstöfunar. Aðilar innan og utan Vegagerðarinnar gátu sótt um fjárfraðlög. Rannsóknarnefnd stofnunarinnar sá um úthlutun. „Þessi niðurstaða mun þó engu breyta um áform Leiðar ehf. um að afla þeirrar þekkingar sem þarf til að áform félagsins megi ná fram að

ganga“, segir á vef Leiðar.

Rétt er að geta þess að fyrir fjórum árum fékk áhugamannafélagið Vegur 500.000 kr. styrk úr rannsóknasjóði Vegagerðarinnar til að kanna kosti einkafjármögnunar vegar þessa leið, sem í raun varð upphafið að stofnun Leiðar ehf.

Sælkeri vikunnar • Elín Hólm á Ísafirði

Hnetukjúklingur og sykurbomba

Sælkeri vikunnar býður að þessu sinni upp á hnetukjúkling sem er einfaldur og bragðgóður réttur. Elín mælir með því að rétturinn sé borinn fram með hrísgrjónum. Hún segir að einnig sé hægt að nota afgang af kjúklingi í réttinn og nota skal grænmeti eftir vild, t.d. sé hægt að nota frosið grænmeti til að auðvelda matreiðsluna enn frekar.

- 1 dós Satay sósa
- 1 dós kókósmjólk
- 1 msk hnetusmjör
- grænmeti eftir smekk

Skerið kjúklinginn í litla bita og steikið. Setjið báðar sósurnar og hnetusmjörið út á pönnuna. Hrærið saman og bætið grænmetinu við. Látið malla í smástund í um 10-15 mínútur.

Sykurbomba

- Banar
- púðursykur
- ís (eftir smekk)

Miðið uppskriftina við að það sé einn banani á mann og skerið þá niður lang og þversum. Steikið þá á pönnu ásamt púðursykri í um það bil þrjár mínútur. Setjið ís í skál og banana yfir. Hellið rjóma yfir það sem eftir er af púðursykri og á pönnunni og breytið þannig í karamellusósu. Bætið við púðursykri eftir þörfum.

Þess er rétt að geta að í uppskrift Toblerone kókunnar í síðustu viku var ranglega tvisvar talið upp hveiti í. Rétt er að í uppskriftina þarf 1 bolla



af hveiti og ½ bolla af kakói. Einnig á að bæta bræddu

súkkulaðinu við þeytta rjómann til að þekja kókuna með.

Ég skora á Írisi Indriðadóttur á Ísafirði.

Fundur forsvarsmanna fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum

Gagnaflutningar frá Vestfjörðum verði svipaðir og frá öðrum landshlutum

Hagsmunaaðilar telja að ástand mála í gagnaflutningum á Vestfjörðum geti sett framtíðaráform um uppbyggingu fyrirtækja og þróun atvinnulífs sem byggir á öruggum gagnaflutningum í hættu. Þetta kemur fram í bókun sem samþykkt var á fundi sem efnt var til fyrir stuttu vegna þess ástands er skapaðist þegar ljósleiðari Símans bilaði 4. mars með þeim afleiðingum að netsamband og allur gagnaflutningur rofnaði í um hálfan sólarhring. Fundinn sóttu forsvarsmenn sveitarfélaga, fyrirtækja og

stofnana á svæðinu.

Í bókuninni segir: „Ástand sem þetta bitnar á öllu viðskiptalífi og atvinnulífi á svæðinu sem treystir mjög á tölvusamskipti og gagnaflutning, auk þess sem útsendingar flestra annarra fjölmiðla en Ríkisútvarpsins rofna. Auk þess setur þetta framtíðaráform um uppbyggingu fyrirtækja og þróun atvinnulífs sem byggir á öruggum gagnaflutningi, í hættu.“

Pá segir einnig í bókun fundarins: „Rætt var um þær ógnanir sem steðja að atvinnulífi

svæðisins vegna þeirrar þjónustu sem fyrirtækin veita á svæðinu og út fyrir svæðið t.d. í formi tölvuþjónustu, fjarvinnslu, símsvörun o.fl. Fyrirtæki á Vestfjörðum eru ekki samkeppnisfær við fyrirtæki utan þess svæðis vegna þess að ef ljósleiðari fer í sundur á Vestfjörðum eða til svæðisins fellur samband niður í mjög langan tíma eða þann tíma sem fer í að gera við bilun. Önnur svæði eru með varasamband og verða því ekki vör við bilun í ljósleiðara. Fundarmenn leggja á það þunga áherslu að



Frá viðgerð ljósleiðarans.

Síminn komi sem allra fyrst upp öruggu varasambandi sem ber allan gagnaflutning svæðisins. Þannig er það krafa fundarmanna að gagnaflutningar á Vestfjörðum séu sambærilegir við það sem gerist á öðrum landssvæðum.“

Ög fundarmenn vilja svör því í bókuninni segir: „Naudsynlegt er að fá svör við því hvenær og hvernig verður tekið á öryggi gagnaflutnings um ljósleiðara á Vestfjörðum. Einnig hvort fyrirhuguð sala grunnnetsins muni hafa þau

áhrif að öryggi gagnaflutnings verði enn minna en er í dag.“ Bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar var falið að koma niðurstöðum fundarins á framfæri við samgönguráðherra, forstjóra Símans, fjármálaráðherra og þingmenn.

– hj@bb.is



Ný veðurathugunarstöð var sett upp á Seljalandsdal í vikunni. Mynd: Haraldur Tryggvason.

Ný veðurathugunarstöð sett upp á Seljalandsdal

Veðurathugunarstöð á vegum Veðurstofu Íslands var komið fyrir á Seljalandsdal á dögunum. „Tækið mælir vind-, hita- og rakastig ásamt snjódýpt. Gott er að fá sem flest tæki upp til að fá samanburð. Það er alltaf verið að bæta kerfið til fá gleggri upplýsingar um veður og snjólag“, segir Oddur Pétursson, snjóflóðaeftirlitsmaður Ísafjarðarbæjar. Tækið er staðsett norðan við gönguskíðasvæðið og að sögn Odds verður það fljótlega tekið í gagn. – thelma@bb.is

Mælanleg markmið verði sett í byggðaaætlun

Atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar vill að í Byggðaaætlun 2006-2009 verði sett mælanleg markmið um tilfærslu opinberra starfa og fleiri verkefni sem getið verður í ætluinni. Þetta kom fram á fundi nefndarinnar sem haldinn var fyrir stuttu.

Pá var til umræðu hjá nefndinni bréf frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga þar sem sambandið óskaði eftir athugasemdum við þær tillögur sem lagðar voru fram á fundi um byggðaaætlun þar sem sátu meðal annarra fulltrúa sveitarstjórna á Vestfjörðum. Hvað áðrar tillögur nefndarinnar



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

varðar vísar atvinnumálanefndin í Byggðaaætlun Vestfjarða og væntanlega stefnumótun í atvinnumálum Ísafjarðarbæjar, sem kynnt verður innan tíðar.

Pá vonast nefndin til þess að geta fjallað nánar um málið þegar þingsályktunartillaga um byggðaaætlun verður send sveitarstjórnunni til umsagnar. – halfdan@bb.is

Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.
www.tg.is

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Einbýlishús

Kjarrholt 5: Steinsteyp 142 m² einbýlishús með 60 m² tvöf. bílskúr. Verð 15,8 m.kr.

Seljalandsvegur 48: 188 m² nýlegt einbýlishús á þremur pöllum með innbyggðri hlífgeymslu. Verð 16,0 m.kr.

Seljaland 16: Stórt 318 m² einbýlishús á tveimur hæðum með 69 m² aukaíbúð á neðri hæð og bílskúr. Verð 15 m.kr.

Bakkavegur 4b: 100 m² lítið einb.hús, að hluta upp. ásamt nýri viðbyggingu. Verð 3,5 m.kr

4-6 herbergja íbúðir:
Mánagata 2: 148 m² íbúð á tveimur hæðum í tvíb.húsi ásamt 23,7 m² nýrri viðbyggingu. Verð 7,9 m.kr.

Silfurgata 6: 5 herb. íbúð á 2.h. ásamt geymslum í kjallara, samt. 212 m². Verð 8,2 m.kr.

3ja herbergja íbúðir:
Stórholt 7: 75 m² íbúð á 2.hæð fyrir miðju í snyrtilegu fjölbýli. Verð 5,8 m.kr.

Sólgata 8: 68 m² íbúð á neðri hæð í þrúbýlishúsi. Áhv. ca. 3,2

Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!

m.kr. Verð 5,3 m.kr.

Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólfm., mikið rými í risi) Áhv. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.

2ja herbergja íbúðir:
Urðarvegur 78: 77 m² stór íbúð á 3.hæð f. miðju ásamt geymslu. Gott útsýni yfir bæinn. Verð 6,1 m.kr.

Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 4 m.kr.

Seljalandsvegur 58: 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt belmingi tvöfalds bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr. Tilboð óskast

Atvinnuhúsnæði/ Fyrirtæki:

Sólbaðs og nuddstofa til sölu, leigustaða í kjallara að Túngötu 3, Ísafirði. Ýmsir fylgihlutir s.s. tvö stratatæki, Turbo ljósabekkur o.fl. Tilboð óskast

Hrannargata 2: 164 m² verslunarhúsnæði á neðri hæð ásamt kjallara. Verð 4 m.kr.

Árnagata 3: 562 m² atvinnuhúsnæði við hafnar svæði. Stórt og rúmgott smíðaverkstæði

með skrifstofuáðstöðu.

Tilboð óskast
Bolungarvík:
Arbæjarkantur 3: 1003 m² stórt atvinnuhúsnæði, með eigninni getur fylgt vönduð fiskflokkunarvél. Einnig kemur til greina að selja eignina í minni einingum. Verð 20 m.kr.

Vitastígur 8: 99,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum, allt nýuppger. Verð 8,5 m.kr.

Vitastígur 19: 73,1 m² 3ja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt 16 m² hlífgeymslu.

Tilboð óskast
Stígahlíð 4: 54 m² 2ja herbergja íbúð í kjallara í fjölbýlishúsi. Íbúðin er í góðu standi. Tilboð óskast

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

Smáauglýsingar

Hinn árlegi hátíðarfundur AA samtakanna verður haldinn í Bolungarvíkurkirkju á föstudaginn langa kl. 20. Fundurinn er ætlaður öllum sem vilja, þar munu taka til máls félagar í AA samtökunum ásamt félaga úr Al-anon samtökunum.

Til sölu er vel með farinn Opel Astra árg. 1998, ekinn 70 þús. km. Uppl. í síma 456 3568.

Árgangur 1961! Nú fer að líða að lokaundirbúningi fyrir fermingarafmælið. Ætjum að hittast á Langa Manga laugardaginn 26. mars kl. 14:00.

Til sölu er Nissan Terrano árg. 97, ekinn 152 þús. km. á 1.250 þús. kr. Smurbók, 31" nagladekk og 32" heilsársdekk. Upplýsingar gefa Björgmundur í síma 897 6187 eða Jónína í síma 867 0799.

Til sölu eru 2 stk. rórhillur á kr. 3.000. Uppl. í sínum 456 4756 og 866 8501.

Til sölu er 19 feta Nordic Jet Racing spíttbátur sem gengur 50-60 mílur. Þarfnast smá lagfæringar. Eini sinnar tegundar á landinu. Er á góðum vagni. Möguleik á að taka snjóleða upp í hluta af kaupverði. Asett verð kr. 690 þús. Á sama stað er til sölu 135 cm snjóbretti með bindingum og skóm nr. 42. Uppl. í síma 456 2054.

Hvolpar og kettlingar fást gefins. Uppl. í síma 456 3286.

Gullfallegur skenkur til sölu á góðu verði. Upplýsingar í síma 895 9241.

Til sölu er nýuppgerð 3 herb. 60m² íbúð við Austurveg ásamt geymslu í kjallara. Uppl. í síma 699 3068 og 587 5501.

Óskum eftir að kaupa stórt einbýlishús á Ísafirði. Möguleiki á skiptum á minna einbýlishúsi í Holtahverfi. Uppl. í síma 456 3517 eða 695 2222.

Til sölu er 200 ltr. hitakútur. Uppl. gefur Helga í síma 456 3547 og 895 0339.

Trompet óskast til kaups. Uppl. í síma 897 6795.

Óska eftir notuðum hnakk. Uppl. í síma 456 5198 og 862 5669.

Óska eftir ódýrum og lítið eknunum fólksbíl. Uppl. í síma 456 3261 eða 847 3380.

Til sölu eru fimm hreinræktaðir Border Collie hundar. Á sama stað er til sölu Toyota Tercel árg. 88, sem fæst fyrir lítinn pening. Uppl. í sínum 456 2169 og 867 3768.

Til sölu er Toyota Tercel árg. 84. Uppl. í síma 456 8238.

Til sölu er Toyota Corolla árg. 95, tjónabíll. Selst ódýrt. Uppl. í síma 865 0163.

Þrír þingmenn Frjálslynda flokksins leggja fram tillögu á Alþingi

Vegagerðin vinni tillögur um göng og láglendisvegi á Vestfjörðum og víðar

Með gerð jarðganga sem eru svipuð að lengd og þau jarðgöng sem nú er unnið að við gerð Kárahnjúkavirkjunar má að líkindum koma öllum þjóðleiðum á landinu á láglendisvegi að því er kemur fram í tillögu sem lögð hefur verið fram á Alþingi. Þrír þingmenn Frjálslynda flokksins þeir Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson og Sigurjón Þórðarson hafa lagt fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um láglendisvegi. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að Vegagerðinni skuli falið að vinna

tillögur sem byggist á því að allar helstu leiðir á þjóðvegi 1, Vestfjörðum og norðausturhorni landsins verði á láglendi, undir 200 m hæð yfir sjó. Einkum verði lagt til grundvallar aukni öryggi og stytting leiða milli suðvesturhornsins og annarra landsvæða, og eins innan landsvæða. Megináhersla verði lögð á jarðgöng og þverun fjarða við útfærsluna og horft til mesta mögulega sparnaðar miðað við 50 ára notkun mannvirkja. Reiknaður verði út sparnaður samfara nýju vegakerfi, t.d. við flutning á raforku og heitu vatni, og

ávinningur af hugsanlegri fækkun flugvalla og hafskipahafna.“

Í greinargerð með tillögunni segir m.a.: „Að líkindum má koma öllum þjóðleiðum á láglendisvegi með gerð innan við 20 jarðganga sem samtals yrðu um 100 km samanlagt eða styttri og því litlu lengri í kílómetrum talið en þau göng og jarðhellar sem fylgja gerð Kárahnjúkavirkjunar. Ekki fer á milli mála að þekkingu við gerð jarðganga hefur fleygt fram hér á landi og að kostnaður fer lækkandi á hvern kílómetra í jarðgangagerð. Verk-

hraði er einnig meiri en áður eins og sést af gerð jarðganga undir Almannaskarð og milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Öllum er ljóst eftir reynsluna af Vestfjarða- og Hvalfjarðargöngum hvaða hagmenn hafa af svo öruggum þjóðvegum, styttri leiðum milli staða og landsvæða, sem og tíma- og eldsneytissparnaði sem fylgir varanlegum samgöngubótum sem endast í áratugi og aldir.“

Í greinargerðinni eru nefnd sem hugsanlegir jarðganga-

kostir göng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, undir Dynjandisheiði, á Óshlíð, á milli Ísafjarðar og Súðavíkur, undir Eyrarfjall í Djúpi og undir Tröllatunguheiði. Þá segir: „Göng úr botni Ísafjarðardjúps yfir í Fjarðarhornsdal í Kollafirði yrðu einnig mjög hagkvæm eftir að þverun Gufufjarðar, Djúpaþfjarðar og Þorskafjarðar væri lokið, enda yrði þá hægt að aka á láglendisvegi milli suðvesturhorns landsins og norðurhluta Vestfjarða.“

– hj@bb.is

Bygging íþróttahússins á Suðureyri gengur vel

Allar sperrur og stálgrind nýja íþróttahússins á Suðureyri eru komnar upp og framkvæmdir eru í fullum gangi. „Í góðu veðri ganga framkvæmdirnar vel og við hefjumst brátt handa við að klæða húsið að utan og stefnum að því að ljúka því á næstu tveimur vikum. Að því loknu getum við byrjað að vinna innan-dyr“, segir Björgmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri byggingafyrirtækisins Ágústs og Flosa ehf. sem stendur að verkinu.

Íþróttahúsið verður á sjötta hundrað fermetrar að gólfleti og mun kosta Ísafjarðarbæ 57 milljónir króna. Fyrsta skóflustunga var tekin að húsinu í lok ágúst og byggingu þess á að vera lokið í enda maí. „Við erum að vonast til að ná þeim degi og eins og er gengur þetta mjög vel“, segir Björgmundur.



Allar sperrur eru komnar upp og hefjast á handa við að loka húsinu í þessari viku. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Ferming í Ísa-fjarðarkirkju

Ellefu börn verða fermd í Ísafjarðarkirkju á morgun, Skírdag, kl. 14:00. Eftirtalin verða fermd:

Bjarni Kristinn Guðjónsson, Pólgötu 5, Ísafirði.
Svanhildur Sjöfn Kristinsdóttir og Guðjón Magnússon.

Bjarni Rúnar Heimisson, Hlíðarvegi 31, Ísafirði.
Kristín Guðnadóttir og Heimir Tryggvason.

Elísabet Bjarnadóttir, Brunngötu 10, Ísafirði.
Sólveig Kjartansdóttir og Bjarni Sólbergsson.

Elma Sturludóttir, Austurvegi 15, Ísafirði.
Ragnheiður Halldórsdóttir og Sturla Páll Sturluson.

Júlíana Haraldsdóttir, Engjavegi 19, Ísafirði.
Ingibjörg Einarsdóttir og Haraldur Júlíusson.

Katrín María Gísladóttir, Tangagötu 6, Ísafirði.
Gerður Eðvarsdóttir og Gísli Halldórsson.

Kolbrún María Elfarsdóttir, Hafraholti 10, Ísafirði.
Ingibjörg Kjartansdóttir, Haraldur Konráðsson, Elfar Bergþórsson.

Margrét Erla Guðbjörnsdóttir, Hlíðarvegi 35, Ísafirði.
Sigríður Gunnsteinsdóttir og Guðbjörn Haraldsson.

Sædis Ólöf Þórsdóttir, Seljalandi 15, Ísafirði.
Álfhildur Jónsdóttir og Þór Helgason.

Þórunn Sunneva Elfarsdóttir, Túngötu 17, Ísafirði.
Marsibil Kristjánsdóttir og Elvar Logi Hannesson.

Þórunn Halldórsdóttir, Aðalstræti 16, Ísafirði.
Dagný Þrastardóttir og Halldór Antonsson.

Skeytasalan í Skátaheimilinu verður opin frá kl. 11-17.

STAKKUR SKRIFAR

Stakkur hefur rífað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Jarðgöng til Héðinsfjarðar

Boðskapurinn er klár. Samgönguráðherra hefur boðað gerð jarðganga til og frá Héðinsfirði eftir 18 mánuði. Haustið 2006 mun hann sprengja fyrstu hleðsluna ef allt gengur eftir. Siglfirðingar fagna, enda um að ræða framkvæmd sem fyrst og fremst gagnast þeim og leggur sig á 5 milljón krónur á hvert mannsbarn. Hver fjögurra manna fjölskylda á Siglufirði fær því framlag úr sameiginlegum sjóði landsmanna sem nemur tuttugu milljónum króna. Samgönguráðherra segir að svona megi ekki setja dæmið upp. Gott og vel. Við sölu ríkisbankanna var þetta skiptimynt og tíundað hve miklu skipti að tengja byggðir við vestanverðan Eyjafjörð, aðallega vegna þess að mörkum kjördema hefði verið breytt. Við getum fagnað Vestfirðingar. Næstu göng verða til Arnarfjarðar, en þau má einnig aka þaðan til Dýrafjarðar. Hverju skila öll þessi göng? Fjölgar íbúum? Nei þeim fækkar stöðugt og nægir að líta til Ísafjarðarbæjar. Lífið er þó þægilegra.

Lesandi góður! Vafalaust hefur þú skoðun á gerð jarðganga. Sennilega telja flestir lesendur BB að jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar séu nauðsyn. Þá er spurt hvað munu þau færa okkur? Mun opinberu fé á Vestfjörðum verða betur varið, skattfénu sem slitið er af íbúum hér, verða þeir hamingjusamari? Þessari spurningu verður erfitt að svara. En líkast til er ekki við því að búast og nægir að benda á tregðu sveitarfélaganna í Ísa-fjarðarsýslum til að sameinast og skipuleggja svæðið sem eina heild, menning-

arlega, þjóðhagslega og til betri nýtingar opinbers fjár. Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur og Bolungarvík munu berjast fyrir núverandi tilveru sinni upp á líf og dauða, án tillits til þess að allt er að breytast í þessu þjóðfélagi, sem nú situr Ísland. Um leið og fjölförnustu þjóðvegir sitja á hakanum og fólk kemst ekki um þjóðvegi í Reykjavík og nágrenni án áfalla og stundum ekki slysalaust blasa við jarðgöng um allt Ísland. Þau gleðja marga, en er endilega víst að takmörkuðu skattfé Íslendinga, og reyndar útlendinga sem hér starfa, sé best varið með þessum hætti?

Rannsaka þarf áhrif jarðganga á íbúafjölda þeirra landshluta, sem þeirra njóta. Hefur íbúum íbúum Vestfjarða fjölgað vegna tilkomu jarðganga úr Skutulsfirði til annars vegar til Önuðarfjarðar og hins vegar til Súganda-fjarðar? Engin dulin meining býr undir.

Sú áleitna spurning vaknar með hvaða hætti opinberu fé er best varið til þess að bæta líf Íslendinga, þar á meðal okkar Vestfirðinga. Auðvitað eru Vestfjarðagöngin til þess fallin að gera líf okkar þægilegra og auðveldara, en halda þau í unga fólk, hefur efnahagur batnað og atvinna aukist? Okkur ber skylda til að huga að öllum þáttum sem verða til að bæta hag íbúa Íslands.

Hvað er það sem allir eru að sækja til Héðinsfjarðar? spurði barnið. Hamingju kannski? Já hvað erum við að sækja fyrir opinbert fé?



Tilboð 17. - 27. mars



Samkaup | Úrval

Campuses: Miami-Dade College; North Broward College; Alameda County College; Santa Rosa Junior College; Contra Costa College; San Francisco State University; Sonoma State University; Western State University

mannlíf

Ábendingar um efni sendist til Thelmu
Hjaltadóttur, thelma@bb.is
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn
23. mars, 82. dagur ársins 2005

Pennan dag árið 1663 lést Ragnheiður Brynjólfsdóttir í Skálholti. Við útför hennar var sálmur Hallgríms Péturssonar „Um dauðans óvissan tíma“ (Allt eins og blómstrið eina) líklega sunginn í fyrsta sinn, en hann hefur verið sunginn við flestar jarðarfarir síðan.

Pennan dag árið 1937 var Sundhöllin í Reykjavík vígð að viðstöddu fjölmenni. Hún hafði verið í byggingu í nokkur ár.

Pennan dag árið 1960 söng söngsveitin Fílharmónía í fyrsta sinn opinberlega við flutning á Carmina Burana í Þjóðleikshúsinu undir stjórn Róberts Abrahams Ottóssonar. Þjóðleikshúskórinn og Sinfóníuhljómsveit Íslands tóku einnig þátt í flutningnum.

Heimild: Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.

Á þessum degi fyrir 45 árum



Kvenfélagið Hlíf 50 ára

Almennu kvenfélagin á Ísafirði eru tvö, Hlíf og Ósk. Ósk er eldri systir, stofnuð fyrir forgöngu frú Camillu Bjarnason. Hlíf er yngri systir, stofnuð af 27 konum, sem starfað höfðu flestar saman að þremur gamalmennasamsætum með frjálsum samtökum. Stofndagur Hlífar er 6. mars 1910. Sá dagur var einnig 50. afmælisdagurinn. [...]

Alls eru félagskonur Hlífar rúmlega 100. Fundir eru vel sóttir og áhugi mikill. Afmælishóf Hlífar var hið glæsilegasta. Afmælisstjóri var frú Ragnhildur Helgadóttir. Fjölda gesta var boðið og fagnaður hinn besti. [...]

Það var bjart yfir afmælishófi Hlífar. Þar voru allir vonglaðir og þakklátir. Áfram skal unnið og fórnað í kærleiksanda í þörf þessa málefnis eða hins.

Helgarveðrið

Horfur á föstudaginn langa:
Suðaustlæg átt, 8-13 m/s og víða væta, en úrkomulítið norðanlands. Hlýtt í veðri.

Horfur á laugardag:
Suðaustlæg átt, 8-13 m/s og víða væta, en úrkomulítið norðanlands. Hlýtt í veðri.

Horfur á sunnudag, páskadag:
Suðaustlæg átt, og vætusamt sunnan- og vestanlands, en annars þurrt. Fremur vil í veðri.

Horfur á mánudag, annan í páskum:
Suðaustlæg átt, og vætusamt sunnan- og vestanlands.

Spurning vikunnar

Myndir þú notfæra þér vesturleiðina til Reykjavíkur ef hún stýttist í 410 km?

Alls svöruðu 864. – Já sögðu 686 eða 79% – Nei sögðu 114 eða 13% – Óvíst sögðu 64 eða 8%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Hvað er að fréttá? • Anna Sigríður Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Skíðavíkkunnar á Ísafirði

Kökuskúlptúr og 7 metra snjókall

Það er allt gott að fréttá en Skíðavíkan ber höfuð og herðar yfir allt annað núna. Setning hátíðarinnar verður í dag á Silfurtorgi og þar verður ýmis konar húllumhæ. Skíðavíkan er 70 ára og við erum að sjálf-sögðu mjög montin að eiga svona gamla og rótgróna bæjarhátíð. Afmælistertan verður skúlptúr og er listakonan Holly

Hughes komin til landsins og mun hún stýra kökuskúlptúr-gerð. Boðið verður svo upp á kökuna í íþróttahúsinu á Torfnesi á páskadag.

Það verður nóg um að vera á hátíðinni og ég vil endilega hvetja fólk til að fylgjast með á vefnum okkar www.skida.vikan.is en þar er reglulega fært inn þegar verið er að

breyta og bæta. Mikið verður um tónlist á Skíðavíkkunni og þá ekki einungis rokkhátíðin heldur ýmsar uppákomur. Þá verður einnig mikið um kvöld-skemmtanir, leikhús og næturlíf í blóma. Boðið verður upp á afródanskennslu með lífandi trommuleik, og gerður verður sjö metra hár snjókall á Suðureyri og margt fleira.



Barbara Gunnlaugsson ásamt Mikolaj og sr. Marek Zygodlo á kynningunni um pólskar páskahefðir.

Egg tákn lífs og upprisu Krists

Hefðir sem tengjast páska-hátíðinni eru mismunandi eftir löndum og var kynning á pólskum páskahefðum í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á laugardag. Sýningin var á vegum félags Pólverja á Vestfjörðum sem naut aðstoðar Róta, félags áhugafólks um menningarfjöl-breytni. „Við höfum ýmsar hefðir í Póllandi og meðal

annars tíðkast að mála egg. Við höfum ekki páskaegg eins og tíðkast hér, en við gefum börnum lítil egg og kanínur úr súkkulaði. Við teljum egg tákna nýtt líf og upprisu Krists. Í gegnum tíðina hefur ýmislegt verið notað til að mála eggin, meðal annars höfum við gert brúnan lit úr laukhyði.

Á laugardag fyrir páska er

farið með matarkörfur til kirkju og presturinn beðinn um að vígja þær. Í þeim er gjarnan brauð sem táknar líkama Krists, egg og ýmislegt annað góðgæti eins og súkkulaði og skinka. Það er undir hverjum og einum komið hvað hann hefur í sinni körfu. Á páskadag er svo vígði maturinn snæddur og á það að verða fólk til

gæfu.


Á mánudag eftir páska er svokallaður blautur mánudagur. Þá hella pólverjar yfir hvern annan vatni. Ekki eru allir jafn hrifnir af þeim sið og fara sumir yfir strikið. Þá eru dæmi um að fólk verði rennandi blautt“, segir Barbara Gunnlaugsson, einn skipuleggjenda sýningarinnar.



● **Draumaferðalagið** • Einar Gunnlaugsson, eigandi Efnalaugarinnar Alberts

Alltaf langað til Suður-Ameríku

„Ég væri til í að ferðast til Suður-Ameríku. Mig hefur alltaf langað til að fara þangað og gaman væri að heimsækja lönd eins og Brasilíu og Argentínu. Það er þó ekkert í bígerð að fara þangað á næstunni en stefnan er að fara til Króatíu í sumar og að heimsækja



nýtt land á hverju ári eftir það. Ég hef ekki ferðast til annarra landa en Póllands og verður nú bætt úr því. Hugmyndin er að fara til Egyptalands þar næsta sumar og aldrei að vita nema ég eigi eftir að heimsækja Suður-Ameríku eftir það.“



● **Vestfirskar þjóðsögur** • Gísli Hjartarson

Suðursvalirnar

Eitt sinn fóru hjónin Ragnheiður Jónsdóttir og Brynjólfur Þór Brynjólfsson, bankastjóri á Ísafirði, til Ameríku ásamt fleiri Ísfirðingum. Meðal annars fór hópurinn í nokkurra daga siglingu með skemmtiferðaskipi um Karíbahafið. Skipið var gríðarstórt og íburðarmikið og svalir fylgdu híbýlum farþega á efstu hæðunum. Þegar verið var að vísa farþegum í káetur heyrði Kristján Haraldsson orkubússtjóri á tal Brynka við fulltrúa ferðaskrifstofunnar. Brynki sagði: Mér er alveg sama hvar þið setjið mig og konuna, bara að við fáum svalir á móti sól.



Ánægð með að hafa ákveðið að fermast

Fermingin er ein af stærstu stundunum í lífi hvers einstaklings. Við ferminguna staðfestir barnið skuldbindingu foreldra og skírnavottan frá skírinni. Það fer með trúarjátninguna, vinnur fermingarheit og þiggur fyrirbæn og blessun og klæðist hvítum fermingarkyrtlum til þess að minna á skírminna. En veraldlegir þættir fermingarinnar virðast þó skipta æ meira máli. Gjafirnar eru oftast ekki mjög veglegar og hlutir eins og fermingarföt og hárgreiðsla eru mikið um-

hugsunarefni. Spurning hefur því vaknað í hugum margra hvort veraldlegu þættirnir séu að taka yfir trúarlegu hliðina. Bæjarins besta ræddi við Júlíönu Haraldsdóttur og Bjarna Kristinn Guðjónsson um hvað felst í því að fermast, en þau fermast í Ísafjarðarkirkju á morgun, skírdag. – Hve langur hefur undirbúningurinn verið fyrir ferminguna? **Júlíana:** Frá því að skólinn hófst í haust höfum við gengið til prests einu sinni í viku.

Árgangnum er skipt í tvo hópa. **Bjarni Kristinn:** Þar höfum við verið að læra í bók um trú og fleira sem tengist fermingunni. – Hver er aðalástæðan fyrir því að þið ætlið að láta ferma ykkur? **Bjarni Kristinn:** Bara trúin og gjafirnar. Maður hefur alltaf ætlað að fermast. **Júlíana:** Til að staðfesta trúna. Ég þurfti reyndar að taka þá ákvörðun að fermast því ég er í Hvítasunnusöfnuðinum Salem þar sem ekki er ferming.

Mig langaði til að fermast og er mjög ánægð með að hafa tekið þá ákvörðun. Þó að það hafi ekki verið auðvelt. Ég ætla þó að halda áfram að vera í Salem með hinni kirkjunni. – Finnst ykkur að gjafirnar séu stór ástæða fyrir því að fólk fermist í dag? **Júlíana:** Já það er mikið um að krakkarnir séu að spá í gjafirnar. **Bjarni Kristinn:** Já maður hefur tekið eftir því. – Hvað er það þá helst sem krakkarnir vilja fá, hafið þið

heyrt um að unglingar séu fá mjög veglegar gjafir?

Júlíana: Ég veit það ekki, en oft finnst manni eins og gjafirnar séu miklar og dýrar. Mig langar helst í stafræna myndavél

Bjarni Kristinn: Ég veit ekki hvað aðrir vilja fá en ég verð ánægður með það sem ég fæ.

– Eru foreldrar ykkar spenntir eins og þið fyrir stóra daginn?

Bjarni Kristinn: Ég held að þau séu mjög spennt fyrir þessu.

Júlíana: Mamma er mjög spennt fyrir þessu og við höfum aðallega séð um undirbúninginn fyrir veisluna og annað saman.

– Er enginn kvíði hjá ykkur varðandi stóra daginn?

Bjarni: Nei, ég er ekkert kvíðinn bara spenntur.

Júlíana: Ég hlakka bara til.

– Hver haldið þið að sé ástæðan fyrir því að jafnaldrar ykkur séu að fermast.

Júlíana: Ég held að gjafirnar hafi mikið aðdráttarafl, en ég held að ekki allir sem eru jafngamlir okkur ætli að fermast.

Bjarni Kristinn: Ég er ekki viss hver ástæðan er en gjafirnar hafa örugglega mikið um það að segja.

– Teljið þið að fermingin muni breyta ykkur á einhvern hátt?

Bjarni Kristinn: Ég held að það verði nú ekki mikil breyting.

Bæjarins besta óskar þeim Bjarna Kristni og Júlíönu og öðrum fermingar börnum til hamingju með þennan áfanga.

● Kirkjustarf

Ísafjarðarkirkja:

Messa og altarisganga kl. 14:00 á skírdag. Fermd verða 11 ungmenni. Kór Ísafjarðarkirkju syngur undir stjórn Huldu Bragadóttur.

Hnífsdalskapella:

Hátíðarmessa á föstudaginn langa kl. 14:00 í tilefni af 50 ára vígsluafmæli kapellunnar. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir predikar. Kvennakór Hnífsdals syngur undir stjórn Huldu Bragadóttur. Að messu lokinni verður kirkjukaffi og opnuð sýning á gömlum ljósmyndum frá vígslu kapellunnar.

Ísafjarðarkirkja:

Hátíðarmessa á páskadag kl. 09:00. Kór Ísafjarðarkirkju syngur undir stjórn Huldu Bragadóttur. Kirkjukaffi í Safnaðarheimilinu eftir messu.

Fjórðungssjúkrahúsið:

Guðspjónusta kl. 14:00 á öðrum degi páska. Kór Ísafjarðarkirkju syngur.

Holtskirkja:

Guðspjónusta með altarisgöngu kl. 20 í kvöld, skírdagskvöld. Helgistund við lok helgigöngu á föstudaginn langa kl. 12.

Flateyrarkirkja:

Helgiganga á föstudaginn langa hefst með helgistund kl. 09:30. Síðan verður gengið í Holt þar sem verður helgistund og loks er súpusamfélag á hóflegu verði í Holti-Friðarsetri. Guðspjónusta á páskadag kl. 09:30. Morgunkaffi á eftir.

● Smáauglýsingar

Til sölu er Opel Astra árg. 98, ekinn 70 þús. km. Upplýsingar í síma 456 3568.

Óska eftir atvinnuhúsnæði undir veitingarekstur. Æskilegt er að loftræsting sé í húsinu. Húsnæðið þarf að vera 60-200 ferm. Uppl. gefur Sigurður í síma 892 2485.

Til sölu er stór og glæsileg íbúð á miðhæð að Pólgötu 4 á Ísafirði. Íbúðin er 118m² ásamt bílskúr og eignarlóð. Velkomið að skoða. Á besta stað í bænum. Uppl. gefur Gunnhildur í síma 663 2920.

Kvenfélagið Brynja á Flateyri heldur bíngó í Félagshéimilinu á Flateyri laugardaginn 26. mars nk. kl. 14:00. Glæsilegir vinnningar! Nefndin.

Smáauglýsingasíminn er 456 4560. Næsta tölublað Bæjarins besta kemur út fimmtudaginn 31. mars nk.

● **Brennslan mín** • Ingi Þór Ágústsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ

Best að hlusta á með græjurnar í botni

Það má kannski sjá á þessum lista að ég er alæta á tónlist. Mér finnst afskaplega notarlegt að liggja í sófanum heima hjá mér og hlusta á rólega tónlist á meðan ég geri upp daginn. Einnig finnst mér gott að hlusta á tónlist sem kemur mér í betra skap þegar þess þarf.

1. Barry White
– **The first, the last, my everything**
Þetta lag er svakalega gaman að nota til að koma sér í betra skap. Sé alltaf fyrir mér lögfræðinginn í Ally McBeal dansa fyrir framan spegilinn inn á baði á skrif-

stofunni sinni.
2. Frank Sinatra og Bono
– **I got you under my skin**
Þetta lag er sko swinger, tveir mjög góðir söngvarar sem ég held upp á.
3. Á móti sól
– **Allt sem ég vil**
Síðan ég var formaður unglingalandsmóts UMFÍ, hér á Ísafirði, hefur þetta lag verið mér hjartfólgið. Við eigum það sameiginlegt, ég og dóttir mín, að þykja vænt um lagið og hljómsveitina.
4. U2 – One
Þetta er eitt af mínum uppá-

haldslögum, bara besta hljómsveit sem til er.
5. Josh Groban
– **You raise me up**
Þetta er svakalegt lag. Frábær söngvari, ungur strákur með svakalega góðarödd. Best að hlusta á þetta lag með græjurnar hátt stilltar.
6. Pavarotti – Caruso
Þetta lag á sér langa sögu í mínu lífi, það er hægt að hlusta á það aftur og aftur.
7. Buena vista social club
– **Candela**
Þetta er frábært band og virkilega gaman að vera með

þetta á fóninum þegar gestir koma í heimsókn
8. Creed
– **With arms wide open**
Þetta lag setur hroll um mig allan þegar ég hlusta á það, mjög persónulegt lag fyrir söngvarann en verið er að syngja um komu barns í þennan heim. Hjartsláttur fyrsta barn söngvarans heyrst í upphafi lagsins.
9. Nicole Kidman og Ewan McGregor
– **Come what may**
Nafnið á laginu segir allt sem segja þarf, come what may!



Ingi Þór Ágústsson.

10. Sálín Hans Jóns Mins
– **Allt er á tjá og tundri**
Þetta lag er mér og þeim sundkrökkum sem ég þjálfaði fyrst hjá Vestra mjög kært, hlustuðum mikið á þetta á sundmótum til að koma okkur í stuð.



Gestkvæmt verður á Ísafirði um komandi páskahelgi

Gistirými uppbókað og mikill fjöldi flugfarþega

Útlit er fyrir mikinn fjölda gesta á Ísafirði um komandi páskahelgi. Að sögn Arnórs Jónatanssonar, umdæmisstjóra Flugfélags Íslands, flytur félagið á milli 7-800 manns vestur og til baka yfir hátíðina.

„Það stefnir í góða páska. Þetta lífur ljómandi vel út miðað við undanfarin ár. Við höfum verið að bæta við vélum, vorum að fá 5. vélina á annan í páskum og 4. vélina á þriðju-dag. Þá eru aukavélar á miðvikudag og fimmtudag fyrir

páska, auk þess sem flogið verður á föstudaginn langa. Þetta er í þriðja skiptið sem flogið er á föstudaginn langa, en í fyrsta skiptið sem sú vél er vel bókun og spurning hvort þessi dagur verði stór í framtíðinni“, segir Arnór.

Þá er gistirými á Ísafirði meira og minna uppbókað. „Það er fyrir löngu allt orðið uppbókað hjá mér og enn er mikil eftirspurn eftir gistingu. Áberandi margir útlendingar hafa haft samband og ég hef

því miður þurft að vísa fullt af fólki frá. Aðalþinginn er um helgina þegar rokkhátíð alþýðunnar er haldin og virðist hún ætla að draga marga að“, segir Áslaug Jensdóttir sem rekur gistiheimili á Ísafirði.

Þá hafa aðrir staðir einnig fundið fyrir mikilli aðsókn. „Það er alveg á mörkunum að vera fullt hjá okkur í kringum rokkhátíðina Aldrei fór ég suður frá föstudegi til sunnudags. Enn er þó laust aðra daga“, segir Áslaug Alfreðsdóttir,

hótelstjóri Hótel Ísafjarðar. Aðspurð hvort þetta sé meiri aðsókn en vanalega um páska segir hún að svo sé. „Meiri hreyfing virðist vera á fólki og meiri áhugi á svæðinu“.

Enn virðast þó vera laus gistirými á nágrennasvæðunum. „Það hefur verið töluverð eftirspurn en enn sem komið er hefur ekki verið mikið um bókanir og því er laust hjá okkur“, segir Elías Guðmundsson hjá Veg-gistingu á Suðureyri. – *halfdan@bb.is*



Flugfélag Íslands áætlað að flytja nær 800 farþega milli Reykjavíkur og Ísafjarðar um páskana.

Fæstar tillögur í Byggðaaætlun Vestfjarða

Hafa komið til framkvæmda vegna fjárskorts

Bæjarráð Bolungarvíkur segir að fæstar tillögur í Byggðaaætlun Vestfjarða hafi komið til framkvæmda vegna fjárskorts og nauðsynlegt sé að tryggja fjármagn til framkvæmdar vaxtarsamnings Vestfjarða sem kynntur var á dögnum. Þetta kom fram á fundi ráðsins fyrir skömmu þegar tekið var fyrir bréf Fjórðungssambands Vestfirðinga dagsett 1. mars þar sem óskað var eftir tillögum í nýja byggðaaætlun sem gilda á frá



2006-2009. Var sveitarfélögum gefinn mjög skammur tími til þess að skila inn tillögum sínum.

Í bókun bæjarráðs segir: „Í Byggðaaætlun Vestfjarða eru 80 tillögur sem fæstar hafa

komið til framkvæmda vegna fjárskorts. Bæjarráð leggur áherslu á að sagan endurtaki sig ekki og tryggt verði fjármagn til vaxtarsamnings Vestfjarða. Bæjarstjóra falið að kynna hugmyndir m.a. að lýðskóla og heilsu- og menningarhúsi fyrir börn sem gætu fallið undir vaxtarsamning Vestfjarða.“ – *hj@bb.is*

Lögreglan á Ísafirði

Beitti úða og kylfum til að stöðva slagsmál

Lögregla á Ísafirði þurfti að beita úða og kylfum til þess að stöðva slagsmál sem brutust út í samkvæmi í heimahúsi árla á laugardagsmorgun, en einn þeirra sem tók þátt í slagsmálunum var með hníf á sér. Upp úr klukkan 5 um morguninn fékk lögregla tilkynningu um slagsmál ættu sér stað í heimahúsi í bænum. Farið var á staðinn og reyndist húsráðandi þá vera að slást við gest í húsinu. Gesturinn var handtekinn og húsráðandi varð eftir. Þegar verið var að færa hinn handtekna í fangaklefa var

aftur haft samband við lögreglu úr sama húsi og tilkynnt að húsráðandi væri farinn að slást við annan aðila. Höfðu slagsmálin borist út á götu og var annar mannanna með hníf. Lögregla fór aftur á staðinn og þurfti að beita varnarúða (mace úða) á báða mennina. Þá þurfti lögregla að beita kylfum til þess að yfirbuga manninn sem var með hnifinn.

Húsráðandi var fluttur á sjúkrahús vegna meiðsla sem hann hlaut við slagsmálin en hinir mennirnir tveir gistu fangaklefa lögreglu.

Skoðanakönnun IMG Gallup fyrir félagsmálaráðuneytið

Fleiri hlynntir frekari sameiningum sveitarfélaga

Fleiri eru fylgjandi sameiningu sveitarfélaga á Vestfjörðum en þeir sem eru andvígir, ef marka má nýja skoðanakönnun sem IMG Gallup vann fyrir félagsmálaráðuneytið. Andstaða við sameiningu sveitarfélaga er þó næst mest á Vestfjörðum. Aðeins í minni sveitarfélögum á Suðurnesjum er andstaða meiri við sameiningu sveitarfélaga.

Í könnuninni, sem náði til alls landsins, svöruðu 95 íbúar á Vestfjörðum eftirfarandi spurningu: Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) sameiningu sveitarfélaga. Alls sögðust



47,4% svarenda á Vestfjörðum vera hlynntir sameiningu en 43,2% sögðust andvígir sameiningu. Um 9,5% svarenda höfðu ekki skoðun á málinu. Á öllu landinu voru 66,3% svarenda hlynntir sameiningu en 22,4% andvígir og 11,4%

svarenda höfðu ekki skoðun á málinu.

Aðeins í Vestmannaeyjum og í minni sveitarfélögum á Suðurnesjum voru þeir sem voru hlynntir sameiningu hlutfallslega færri en á Vestfjörðum. Í Vestmannaeyjum voru 41,2% svarenda hlynntir en aðeins 29,3% svarenda í minni sveitarfélögum á Suðurnesjum. Vestfirðingar hafa hins vegar afdráttarlausari skoðanir því aðeins í minni sveitarfélögum á Suðurnesjum var hlutfall þeirra sem andvígir eru sameiningu herra eða 63,8%. – *hj@bb.is*

Íbúum Vestfjarða fækkaði um 1,7% á síðasta ári

Rúmlega 900 manns hafa flutt úr fjórðungnum á sjö árum

Íbúum Vestfjarða fækkaði um 137 á síðasta ári samkvæmt endanlegum mannfjöldatölum Hagstofu Íslands sem nú hafa verið birtar. Þann 31. desember á síðasta ári voru íbúar á Vestfjörðum 7.700 talsins og árið á undan voru þeir 7.837. Fækkunin nemur því um 1,7%. Íbúum fjölgaði í þremur sveitarfélögum á þessum tíma. Í Súðavík fjölgaði íbúum úr 228 í 235, í Árneshreppi fjölgaði úr 56 í 57 og í Bæjarhreppi fjölgaði úr 101 í 103. Í öllum öðrum sveitarfélögum á Vestfjörðum fækkaði íbúum á sama tíma.

Í Bolungarvík fækkaði úr 944 í 930, í Ísafjarðarbæ fækkaði úr 4.139 í 4.134, í Reykshólahreppi fækkaði úr 279 í

262, á Tálknafirði fækkaði úr 346 í 325, í Vesturbyggð úr 1.073 í 1.019, í Kaldraneshreppi fækkaði úr 127 í 117, í Broddaneshreppi fækkaði úr 54 í 53 og á Hólmavík fækkaði úr 490 í 465 talsins á milli ára.

Körlum fækkaði meira en konum á síðasta ári á Vestfjörðum eða um 2% en konum

fækkaði um 1,4%. Karlar eru mun fleiri á Vestfjörðum. Í árslok á síðasta ári voru þeir 3.948 talsins en konur voru 3.752 talsins.

Frá 31. desember 1998 hefur íbúum á Vestfjörðum fækkað um 900, úr 8.600 í 7.700 eða rétt tæplega sá íbúafjöldi sem var í Bolungarvík um síðustu áramót.